

Byggðabragur í Vesturbyggð

Ímynd nýsameinaðs sveitarfélags

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Rannsóknarsetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Bjarki Þór Grönfeldt

Október 2026 ISSN: 2988-8476

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 2
Byggðabragur í Vesturbyggð 5
Inngangur 6
Samantekt á niðurstöðum 7
- Spurningakönnun 7
- Rýnihópar 8
- Vinnustofa ungmenna 9
- Vinnustofa með starfsfólki sveitarfélags 10

Niðurstöður 10
Spurningakönnun 11
- Aðferð 11
- Þátttakendur 12
- Staða málaflokka 13
- Félagsauður 14
- Félagsleg sjálfsmynd 18
- Samtakamáttur samfélags 20
- Samfélagskennd 22
- Hamingja og sjálfstraust 24
- Ýmsar spurningar um samfélagið 25
- Spurningar um sameiningar 30
- Samanburður milli byggðakjarna 32
- Samanburður milli kynja 40
- Opnar spurningar 47
- Umræður úr netkönnun 50
- Rýnihópar 53
  - **Rýnihópur: Fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshreppur** 53
  - **Rýnihópur: Arnarfjörður/Bíldudalur** 55
  - **Rýnihópur: Patreksfjörður** 58
  - **Rýnihópur: Tálknafjörður** 61
- Vinnustofa ungmenna 64
  - **Það þarf að skapa vellíðan í samfélaginu** 64
- Gagnaskimun 65

Vinnustofa starfsfólks Vesturbyggðar 2. mars 69

Að lokum 73
Heimildir 74
Viðauki 1: Spurningakönnun 76

Myndir:

Mynd 1: Meðaltöl stöðu málaflokka í Vesturbyggð. 13
Mynd 2: Sinnir þú sjálfboðaliðastarfi í einhverju formi í þínu samfélagi? 14
Mynd 3: Ertu virkur þátttakandi í einhvers konar félagsstarfi/félagasamtökum í þínu samfélagi? (fyrir utan að hitta nánustu fjölskyldu og vini) 15
Mynd 4: Áttu fjölskyldu í þínu samfélagi? 15
Mynd 5: Áttu vini í þínu samfélagi? 16
Mynd 6: Tekur þú þátt í íbúahópum á samfélagsmiðlum, t.d. Facebook? 16
Mynd 7: Finnst þér almennt nógu aðgengilegar eða sýnilegar upplýsingar um viðburði og annað sem um er að vera í samfélaginu? 17
Mynd 8: Meðaltöl félagslegrar samsömunar og sameiginlegs narsissisma (félagsleg sjálfsmynd) 19
Mynd 9: Meðaltöl sameiginlegrar sjálfstiltrúar og félagslegrar samheldni 20
Mynd 10: Meðaltöl samfélagskenndar 22
Mynd 11: Meðaltal hamingju 24
Mynd 12: Meðaltal sjálfstrausts 24
Mynd 13: Ýmsar spurningar um nærsamfélagið 25
Mynd 14: Ýmsar spurningar um Vesturbyggð í heild 26
Mynd 15: Áhugi á sögu sveitarfélagsins og tækifæri í leik og starfi 27
Mynd 16: Stolt tengt ýmsum þáttum í sveitarfélaginu 28
Mynd 17: Afstaða til innflytjenda, nýs fólks og fleira 29
Mynd 18: Afstaða til þess hvort Vesturbyggð eigi að óska eftir sameiningu við önnur sveitarfélög. 30
Mynd 19: Afstaða til þess hve vel eða illa sameining sveitarfélagsins árið 2024 hafi tekist 31
Mynd 20: Samanburður á stöðu tækifæra til afþreyingar eftir byggðakjörnum 32
Mynd 21: Samanburður á þjónustu við eldra fólk eftir byggðakjörnum 33
Mynd 22: Samanburður á tækifærum til íþrótta og tómstundaiðkunar eftir byggðakjörnum 34
Mynd 23: Samanburður á afstöðu til þess hvort fjölbreytt atvinna sé í boði eftir byggðakjörnum 35
Mynd 24: Samanburður á afstöðu til þess hvort byggðakjarni hafi jöfn áhrif á við aðra byggðakjarna í sveitarfélaginu eftir byggðakjörnum 36
Mynd 25: Áhugi á sögu Vesturbyggðar borið saman eftir byggðakjörnum 37
Mynd 26: Afstaða til þess hvort Vesturbyggð eigi að taka nýjum íbúum sem flytja frá öðrum sveitarfélögum opnum örmum eftir byggðakjörnum 38
Mynd 27: Afstaða til þess hve vel eða illa sameining sveitarfélagsins hafi tekist eftir byggðakjörnum 39
Mynd 28: Telur þú almennt gott eða slæmt að búa í Vesturbyggð? Greint eftir kyni 40
Mynd 29: Hvert er þitt álit á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í Vesturbyggð? Skipulagsmál greind eftir kyni 41
Mynd 30: Samfélagsaðild greind eftir kyni 42
Mynd 31: Áhrif á samfélagið greind eftir kyni 43
Mynd 32: Félagsleg samheldni [nærsamfélags] greind eftir kyni 44
Mynd 33: Stolt tengt ýmsum þáttum í sveitarfélaginu og tækifæri til árangurs greint eftir kyni 45

Mynd 34: Viðhorf til innflytjenda og nýrra íbúa greind eftir kyni 46
Mynd 35: Hamingja greind eftir kyni. 47

Töflur:

Tafla 1: Lýsandi tölfræði um þátttakendur 12
Tafla 3: Lýsandi tölfræði fyrir stöðu málaflokka 77
Tafla 4: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar félagssálfræðilegar breytur 78
Tafla 5: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar fullyrðingar um nærsamfélag/þorp 78
Tafla 6: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar fullyrðingar um Vesturbyggð í heild 79
Tafla 7: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar spurningar um áhuga og stolt þátttakenda yfir Vesturbyggð í heild 79
Tafla 8: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar spurningar um viðhorf til nýs fólks 80
Tafla 9: Lýsandi tölfræði spurningar um sameiningar 80

Byggðabragur í Vesturbyggð

Vestfjarðastofa og sveitarfélagið Vesturbyggð óskuðu eftir því við Rannsóknarsetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum (RBS) við Háskólann á Bifröst að gerð yrði rannsókn á byggðabrag í Vesturbyggð og ímynd nýsameinaðs sveitarafélags. Aðaláherslur voru að draga fram ýmis atriði sem nota má til að styrkja ímynd svæðisins og vinna með sveitarfélaginu til að skapa framtíðarsýn fyrir svæðið allt. Ýmsar áskoranir eru til staðar og því ástæða til að draga fram sérstöðu svæðisins, hvað sameinar íbúa og hvernig byggja megi sterkara samfélag á þeim grunni sem er til staðar.

Verkefnisstjóri rannsóknar var dr. Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, sérfræðingur hjá RBS í byggðarannsóknum. Hún kemur að rannsókn sem hlutlaus rannsakandi, hefur ekki tengsl inn á svæðið eða hagsmuna að gæta. Dr. Bjarki Þór Grönfeldt, sjálfstætt starfandi sérfræðingur, vann úr tölfræðigögnum og niðurstöðum þeirra auk þess sem Vífill Karlsson forstöðumaður RBS kom að undirbúningi rannsóknar og yfirlestri. Þeir Bjarki og Vífill framkvæmdu fyrri rannsókn RBS um byggðabrag.

Verkefnið sem RBS setti upp er margþætt og vonast er til að það gefi nokkuð góða heildarmynd af því hvernig byggðabragur er í Vesturbyggð, áherslur og helstu áskoranir:

Spurningakönnun: Framkvæmd var umfangsmikil spurningakönnun sem allir íbúar höfðu tækifæri á að svara. Netkönnun var sett upp í SurveyMonkey, bæði á íslensku og ensku. Könnunin var kynnt með ýmsum hætti til að ná til sem flestra íbúa.

Rýnihópar: Verkefnisstjóri rannsóknar dvaldi í Vesturbyggð í nokkra daga í febrúarlok og tók þar hópviðtöl í öllum fjórum heimastjórnarsvæðum sveitarfélagsins. Íbúar tók vel í þátttöku, sem var auglýst en einnig ýtt við fólki með persónulegum símtölum.

Vinnustofa ungmenna: Verkefnisstjóri rannsóknar og verkefnastjóri Vesturbyggðar skipulögðu og framkvæmdu skemmtilega og fróðlega vinnustofu með nokkrum ungmennum. Þarna var notað sambærilegt form og áður hafði verið gert af RBS í Þingeyjarsýslum.

Gagnaskimun: Horft var í ýmis gögn um Vesturbyggð sem finna má á netinu og vefsíðum, sem og í fjölmiðlum. Þá var lögð áhersla á að skoða hvernig upplýsingar birtast á vefsíðum sveitarfélagsins. Rýnt var í myndir sem koma upp í netleit og framkvæmd orðaleit með aðstoð gervigreindar.

Vinnustofa með starfsmönnum sveitarfélags: Þessi þáttur bættist við rannsókn, þar sem verkefnisstjóri fékk tækifæri til að koma inn á sameiginlegan starfsdag sveitarfélagsins, kynna þar sýn á svæðið með fyrirlestrinum „Glöggt er gests augað“ og fá fólk til að vinna saman í hópum til að ræða byggðabrag og hvað bæta má í sveitarfélaginu.

Hver þessara þátta verður kynntur sérstaklega í niðurstöðum. Eins og gefur að skilja eru upplýsingar mismunandi umfangsmiklar en megin niðurstöður eru dregnar saman hér í upphafi.

Inngangur

Hugtakið byggðabragur vísar til þess að hve miklu leyti íbúar eru ánægðir með sveitarfélagið sitt, telja þjónustu góða, eru bjartsýnir á framtíðina og vilja halda áfram búsetu á svæðinu (Vífill Karlsson, 2023). Byggðabragur er því mældur með því að fá mat íbúanna á ýmsum þáttum aðlútandi sveitarfélaginu.

Niðurstöður íbúakönnunar landshlutanna (Byggðastofnun, 2024), sem kanna hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstæður á vinnumarkaði og afstöðu til nokkurra mikilvægra atriða, benda til þess að byggðabragur geti verið mjög ólíkur milli sveitarfélaga þrátt fyrir sambærilega samfélagsgerð, atvinnuástand og aðrar forsendur. Þær niðurstöður voru kveikjan að tveimur stórum rannsóknum sem báru saman þrjú samliggjandi sveitarfélög, Dalabyggð, Húnaþing vestra og Húnabyggð/Austur-Húnavatnssýslu en Húnaþing vestra kom ítrekað betur út en hin sveitarfélögin í íbúakönnununum.

Vífill Karlsson (2023) birti samanburðarrannsókn á þessum þremur sveitarfélögum sem byggði á víðtækri greiningu á hagsögu, samfélagsgerð, spurningakönnunum og rýnihópum meðal íbúa. Niðurstöðurnar bentu til þess að skýringar á því hvers vegna Húnaþing vestra kom betur út en nágrannarnir,væruhvorki einfaldar né augljósar og fjölmargt hægt að tína til. Til dæmis að staða og velferð kvenna virtist sterk í Húnaþingi vestra og að konur þar væru almennt ánægðari með búsetuskilyrði sín. Einnig virtist ánægja kvenna með búsetu aukast með hærra menntunarstigi öfugt við konur í Austur-Húnavatnssýslu og Dalabyggð. Í Húnaþingi vestra eru auk þess öflug fyrirtæki í eigu heimamanna og upplifa íbúar því meiri stjórn á eigin samfélagi, sem virðist styrkja sjálfsmyndina. Sameining sveitarfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu virðist einnig hafa tekist vel. Þrátt fyrir að ferlið hafi falið í sér ákveðnar áskoranir telja íbúar að sameiningin hafi verið einn af lykilþáttum í velgengni samfélagsins.

Í framhaldi af rannsókn Vífils var hönnuð rannsóknin Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum (Bjarki Þór Grönfeldt og Vífill Karlsson, 2024a), þar sem aðferðum félagssálfræðinnar var beitt til að greina byggðabrag í sömu þremur sveitarfélögunum. Lagðar voru fyrir umfangsmiklar spurningakannanir með félagssálfræðilegum mælikvörðum í þessum sveitarfélögum ásamt því að fylgja niðurstöðumeftir með rýnihópum. Marktækur munur kom fram á fjölmörgum þáttum, en mestur munur var á mati á félagslegri samheldni, trú íbúa á getu samfélagsins til að takast á við áskoranir og hversu vel íbúar töldu sig geta uppfyllt þarfir sínar innan sveitarfélagsins. Auk þess mældist skýr munur á mati íbúa á því hvort hrepparígur væri vandamál, hvort erfiðleikar væru í samstarfi milli dreifbýlis og þéttbýlis og hvort slúður og neikvæðni væru áberandi í samfélaginu. Í öllum þessum atriðum kom Húnaþing vestra betur út en samanburðarsveitarfélögin. Ýmislegt fleira mætti nefna, en rétt er að draga fram að ein af upphaflegu tilgátum rannsóknarinnar var ekki staðfest. Tilgátan byggði á því að munurinn milli sveitarfélaganna lægi í sterkari sálfræðilegri tengingu íbúa við Húnaþing vestra, þ.e. að íbúar þar hefðu sterkari sjálfsmynd sem hópur. Niðurstöðurnar bentu hins vegar til annars: íbúar allra sveitarfélaganna virðast búa yfir sambærilega sterkri sjálfsmynd og bera hlýhug til síns sveitarfélags. Það sem aðgreindi sveitarfélögin virtist fremur felast í trú íbúa á styrk samfélagsins, ánægju með nærþjónustu og samheldni milli ólíkra byggðakjarna.

Samantekt á niðurstöðum

Hér eru niðurstöður allra þátta rannsóknarinnar dregnar stuttlega saman. Það er óhætt að fullyrða að mikil tækifæri liggi í Vesturbyggð en þar eru jafnframt áskoranir sem þarf að bregðast við. Íbúar eru almennt ánægðir með búsetu í sveitarfélaginu, jákvæðir gagnvart langþráðum samgöngubótum og þar ríkir bjartsýni með nýtt heimastjórna-fyrirkomulag. Í skýrslu þessari er svo farið ítarlegra í hvern þátt rannsóknar og heildar umræður í lokin.

Spurningakönnun

Ánægja með búsetu og félagslegir þættir. Íbúar eru almennt ánægðir með að búa í Vesturbyggð, en sú ánægja byggir ekki eingöngu á þeirri þjónustu sem í boði er. Félagslegir þættir, eins og tengsl við samfélagið og nálægð við náttúruna, skipta þar miklu máli. Því þarf samhliða að hlúa að þjónustu og þessum félagslegu þáttum.

Munur milli byggðakjarna. Upplifun íbúa er mismunandi eftir byggðakjörnum, þar sem Patreksfjörður kemur oft betur út en önnur svæði. Íbúar utan Patreksfjarðar upplifa síður jafnræði í þjónustu og áhrifum á stjórn sveitarfélagsins. Mikilvægt er að vinna að því að jafna tækifæri og draga úr tilfinningu um ójafnvægi.

Óuppfylltar þarfir og áhrif á samfélagskennd. Þrátt fyrir að samfélagskennd sé að mörgu leyti góð, dregur það úr henni að þarfir íbúa eru ekki alltaf uppfylltar á staðnum. Margir þurfa að sækja þjónustu annað, sem getur veikt tengsl við samfélagið. Lausnir eins og samstarf við önnur svæði eða stafræn þjónusta getur bætt stöðuna.

Stolt sem styrkur. Íbúar eru stoltir af náttúru svæðisins og jákvæðum fréttum úr samfélaginu. Þetta er mikilvægur styrkur sem hægt er að nýta til að efla ímynd og sjálfsmynd sveitarfélagsins. Tækifæri eru til að efla enn frekar stolt íbúa af menningu og samfélaginu í heild.

Jákvætt viðhorf til nýrra íbúa og fyrirtækja. Íbúar sýna jákvætt viðhorf til nýs fólks og nýrrar atvinnustarfsemi. Slík opnun getur verið mikilvægt samkeppnisforskot fyrir sveitarfélagið. Þetta viðhorf má nýta markvisst til að laða að nýja íbúa og fyrirtæki.

Samheldni og trú á eigin getu. Félagsleg samheldni er til staðar og fólk upplifir nánd og traust sín á milli. Hins vegar er trú á getu samfélagsins til að leysa vandamál ekki jafn sterk. Með því að virkja íbúa og sýna fram á árangur í smærri verkefnum má styrkja þessa trú.

Traust til leiðtoga. Traust til leiðtoga er frekar gott, sem er mikilvægur grunnur fyrir áframhaldandi þróun. Samt er svigrúm til úrbóta, sérstaklega hvað varðar samskipti og þátttöku íbúa þar sem virk hlustun og gagnsæi geta aukið traust enn frekar.

Munur milli kynja. Karlar eru almennt neikvæðari en konur í afstöðu til búsetu og líðan í samfélaginu. Þeir upplifa síður að þeir hafi áhrif eða tilheyri samfélaginu á sama hátt. Ástæður þessa eru óljósar, en mikilvægt er að fylgjast áfram með þessari þróun.

Rýnihópar

Nokkur samhljómur var um ýmis atriði sem íbúar upplifðu og má þar greina nokkur meginþemu sem dregin eru saman hér. Samsetning rýnihópa var fjölbreytt þar sem kynjahlutfall var nokkuð jafnt og aldur sem spannaði frá 20+ upp í 70+. Tveir íbúar af erlendum uppruna tóku þátt.



Bjartsýni með heimastjórnir. Flestir voru mjög jákvæðir gagnvart heimastjórnunum og töldu það vera góða leið til að hafa áhrif í sveitarfélaginu. Það var þó einnig tekið fram að lítil reynsla er komin á þetta fyrirkomulag en nokkur bjartsýni var með áhrif þeirra.

Eitt atvinnusvæði. Breyting hefur orðið bæði með batnandi samgöngum á milli fjarða og sameiningu sveitarfélaga, þá upplifa íbúar að þeir búi á einu atvinnusvæði og minni rígur sé á milli. Þá má einnig merkja mun meiri samgang við Ísafjörð eftir samgöngubætur og göng, þar sem meira er sótt þangað í verslun og þjónustu. Þó töldu íbúar á öllum svæðum afar slæmt og mikla afturför að missa reglulegar strætóferðir á milli staða í sveitarfélaginu.

Uppsveiflan jákvæð. Upplifun íbúa er svolítið fyrir og eftir lax, þar sem gríðarlegur og jákvæður viðsnúningur hefur orðið í atvinnulífi og íbúaþróun. Íbúar sem upplifðu mikla fólksfækkun og niðursveiflu lýsa ánægju með að sjá samfélögin sín lifna við á ný, þar sem fjölbreyttari atvinna og aukin þjónusta fylgir öllum þessum umsvifum, s.s. bættar samgöngur, aukinn opnuntími veitingastaða auk annarrar þjónustu.

Varnarbarátta í samfélagsumræðu. Það kom mjög sterkt fram hjá öllum rýnihópum að þau upplifa afar neikvæða umræðu og viðhorf gagnvart svæðinu á landsvísu og í fjölmiðlum. Þau upplifa þetta sem árás á samfélagið og þeirra baráttu til að lifa af. Á sama tíma og þau sjá sjálf ýmsar neikvæðar hliðar laxeldisins þá þarf fólk að hafa atvinnu og jákvæð áhrif þessarar atvinnugreinar er alls staðar að sjá í samfélaginu. Upplifun íbúa er sú að lítið sé birt af jákvæðum fréttum af svæðinu þótt af nógu sé að taka.

Upplýsingaóreiða. Íbúar í Vesturbyggð upplifa, líkt og víðar á Íslandi að brotthvarf dreifipósts hafi haft neikvæð áhrif á upplýsingagjöf. Þau segja margar heimasíður og Facebook hópa í gangi, sem verður til þess að alls óvíst er hvernig upplýsingar skila sér og hvað fer fram hjá íbúum.

Vannýtt tækifæri í ferðaþjónustu. Íbúar telja mikil og vannýtt tækifæri á Vestfjörðum þegar kemur að ferðaþjónustu. Þar skipta bættar samgöngur miklu máli, sem og aukin kynning á svæðinu. Þau upplifa sterkt hvað náttúran er falleg á Vestfjörðum og þar megi finna fjölmörg tækifæri fyrir fjölbreytta ferðamennsku. Miklar væntingar eru bundnar við að fá loksins bundið slitlag alla leið á Suðurfjörðunum.

Mismunandi áhrif innan sveitarfélagsins. Niðurstöður rýnihópa gáfu til kynna óánægju þeirra sem ekki búa á Patreksfirði og telja þeir íbúar sig og sitt svæði, ekki gæta jafnræðis innan sveitarfélagsins þegar kemur að ákvarðanatöku, þjónustu og valdi. Það rýmar við niðurstöður úr spurningakönnun.


Vinnustofa ungmenna

Vinnustofa ungmenna beindi sjónum sínum að byggðabrag, samfélagsumræðum og úrbótum. Vegna ófærðar þurfti að fresta henni um einn dag og komust því eingöngu ungmenni frá Tálknafirði og Bíldudal, ekki Patreksfirði. Þau fengu fræðslu um hugtökin togkraft (e. pull factor) og ýtiafl (e. push factor) og listuðu það fyrir sín samfélög. Ungmennin röðuðu upp atriðum, sem komu úr fyrri skýrslum RBS um byggðabrag og gáfu þeim stig eftir mikilvægi. Efstu 10 atriðin voru þessi:

1. *Það þarf að skapa vellíðan í samfélaginu*
2. *Það þarf að stuðla að heilbrigðum samskiptamynstrum milli íbúa*
3. *Fólk þarf að finna að það sé hluti af heildinni*
4. *Stjórnendur þurfa að taka virkan þátt í samfélaginu*
5. *Betra samband sveitarfélagsins við þarfir og óskir íbúa*
6. *Það þarf að fagna mistökunum og læra af þeim*
7. *Skapa stolt yfir samfélaginu*
8. *Það þarf að laða að og hvetja barnafólk til að flytja*
9. *Ræða ákvarðanir við íbúa og fá endurgjöf*
10. *Fagna litlu sigrunum*

Helstu togkraftar/jákvætt: Góð búð, Bíldudals grænar, flugvöllurinn, fólkið og vinirnir, umhverfið, nýi skólinn, félagsskapurinn, ekkert einelti, Vala í Vesturbyggð, skemmtilegt fólk, Kris á Vegamótum, flestir þekkjast, umhverfið, passað upp á umhverfið, góður stuðningur í samfélaginu og gott félagslíf.

Helsta ýtiafl/vantar: vantar meiri íþróttir, fleiri krakka, körfuboltavöll, fótboltavöll, fjölbreytta atvinnu, betra íþróttahús, hætta klíkuskap, ísbúð, skemmtilegra gamalt fólk, of mikið slúður.





Vinnustofa með starfsfólki sveitarfélags

Mánudaginn 2. mars 2026 var sameiginlegur starfsdagur starfsfólks sveitarfélagsins þar sem verkefnisstjóri lagði fyrir nokkra umræðupunkta til umræðu. Ekki er um formleg rannsóknargögn að ræða en engu að síður viðbótar innlegg við þær upplýsingar sem safnað er hér saman.

Nokkur atriði sem rædd voru til að bæta búsetu í Vesturbyggð:

- Finna lausn á sameiginlegum upplýsingavettvangi þar sem birta má og sýna allt það jákvæða sem er að gerast í samfélögunum, hvort sem það eru mannlífsfréttir, öflugt félagsstarf, samheldnin eða atvinnutækifærin.
- Stjórnendur sveitarfélagsins þurfa að vera sýnilegir útávið, taka þátt í samfélaginu og taka slaginn í því að kynna sveitarfélagið.
- Það þarf endurgjöf frá íbúum og hlusta, ánægja með ábendingarhnappinn.
- Íbúarnir þurfa sjálfir að vera duglegri að peppa, pósta jákvæðum fréttum og sýna útávið öfluga samfélagið sem hér er, byrja innan frá og láta það dreifast áfram.
- Það þarf að láta alla finna að þau séu hluti af heildinni, bæta íslenskukennslu og vera duglegri að bjóða erlenda íbúa velkomna í félagsstarfið.
- Mætti hafa upplýsingabækling eða „velkomin pakka“ fyrir nýja íbúa þar sem helstu upplýsingar koma fram um allt það sem er í boði í sveitarfélaginu.
- Það þarf að vera snyrtileg og falleg innkoma í þorpin, mætti hafa einstaklingsframtak í gróðursetningu og mála félagsheimilin.

Umræðupunktana má finna í lok skýrslunnar á eftir niðurstöðum netkönnunar.



Niðurstöður

Hér á eftir koma ítarlegri niðurstöður rannsóknarinnar. Byrjað er á spurningakönnun, þá rýnihópum og vinnustofu ungmenna. Þar á eftir kemur gagnaskimun, sem var ekki formleg orðræðugreining heldur unnin með nokkra ákveðna þætti sem talið var gagnast sveitarfélaginu til að fá aðra sýn, svo er stuttlega farið yfir vinnustofu starfsfólks sveitarfélagsins. Í lokin er stuttur umræðukafli með vangaveltum og umræðum verkefnisstjóra.

Spurningakönnun

Sú rannsókn sem hér fer á eftir byggir að verulegu leyti á fyrri skýrslu um byggðabrag og er áhugasömum bent á ítarlegri umfjöllun í skýrslunni sem finna má á vefjum Háskólans á Bifröst og Byggðastofnunar. Sambærileg könnun var lögð fyrir í Vesturbyggð í upphafi árs 2026 sem hluti af verkefninu *Byggðabragur – sjálfsmynd íbúa og ímynd nýs sveitarfélags*. Hér verður greint frá niðurstöðum þeirrar könnunar. Til að auðvelda lestur skýrslunnar eru félagssálfræðileg hugtök og spurningar útskýrðar jafnóðum í niðurstöðum. Myndir eru settar fram þar sem sjá má meðaltöl þeirra breyta sem kannaðar voru á myndrænan og aðgengilegan hátt. Ítarlegri niðurstöður má finna í töflum í viðauka. Í lok niðurstöðukaflans er einnig greint frá breytum þar sem marktækur munur mældist á milli byggðakjarna. Niðurstöðurnar verða dregnar saman í umræðukafla í nokkur lykilatriði sem eiga að vera hagnýt fyrir Vesturbyggð við áframhaldandi vinnu við að efla sinn byggðabrag.

Aðferð

Gagnaöflun Netkönnun var sett upp í Surveymonkey, netkönnunarforriti. Notast var við uppbyggingu á fyrri netkönnun um byggðabrag en aðlagað Vesturbyggð. Könnun var prufukeyrð á nokkrum íbúum, og ítarlega lesin yfir af nokkrum starfsmönnum Vesturbyggðar og Vestfjarðastofu. Þegar könnunin var tilbúin til dreifingar, á íslensku og ensku, var hún auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins, í öllum íbúahópum á Facebook og einnig voru hengdar upp prentaðar auglýsingar víða í sveitarfélaginu. Þá var auglýsingum deilt reglulega þar til könnun lauk.

Mælitæki Þær breytur sem kannaðar voru í þessari rannsókn eru útskýrðar samhliða niðurstöðum. Meðaltöl, 95% vikmörk, staðalfrávik, fjöldi svarenda við hverja spurningu eða skala má finna í viðauka.

Hafa ber í huga við lestur niðurstaðna að flestar spurningar voru á skalanum 1-7, þar sem 1 þýðir mjög slæmt/mjög illa/á mjög illa við, 4 þýðir hvorki né og 7 mjög vont/gott/á mjög vel við. Tala í kringum 4 endurspeglar að meðaltal svarenda sé um það bil hvorki né. Skalinn er því í flestum tilfellum eftirfarandi:

1. Mjög slæmt / Mjög ósammála / Á mjög illa við
2. Slæmt / Ósammála / Á illa við
3. Frekar slæmt / Frekar ósammála / Á frekar illa við
4. Hvorki né
5. Frekar gott / Frekar sammála / Á frekar vel við
6. Gott / Sammála / Á vel við
7. Mjög gott / Mjög sammála / Á mjög vel við

Þátttakendur


Lýsandi tölfræði um þátttakendur í könnuninni má sjá í töflu 1. Alls bárust 169 svör að hluta eða öllu leyti. Kynjahlutfall var nokkuð jafnt og meðalaldur um 45 ár. Þátttakendur höfðu að meðaltali búið rúm 23 ár í Vesturbyggð (eða þeim sveitarfélögum sem síðar sameinuðust í Vesturbyggð). Meirihluti þátttakenda bjó á Patreksfirði en þónokkur svör fengust einnig úr öðrum byggðakjörnum. Um 4,9% þátttakenda voru ekki með íslenskt ríkisfang og 7,1% tók könnunina á ensku.

Tafla 1: Lýsandi tölfræði um þátttakendur	
Grunnupplýsingar um þátttakendur:	fjöldi / prósent
Fjöldi þátttakenda	169
Karlar (%)	77 (50,0%)
Konur (%)	76 (49,4%)
Kyn annað (%)	1 (0,6%)
Meðalaldur (staðalfrávik)	45,4 (14,8)
Meðal búsetulengd í árum (**staðalfrávik**.)	23,3 (18,3)
Búseta:	
Arnarfirði/Bíldudal	29 (17,2%)
Tálknafirði	24 (14,2%)
Patreksfirði	105 (62,1%)
Fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshreppi	11 (6,5%)
Búsetusaga:	
Alltaf búið í Vesturbyggð (eða sveitarfélögum sem síðar sameinuðust í Vesturbyggð)	29 (17,3%)
Ólst upp í Vesturbyggð (eða sveitarfélögum sem síðar sameinuðust í Vesturbyggð) hluta/alla barnæsku, flutti annað og flutti svo aftur á heimaslóðir	61 (36,3%)
Aðfluttur íbúi í Vesturbyggð	72 (42,9%)
Önnur búsetusaga	6 (3,6%)
Ríkisfang:	
Íslenskt ríkisfang	117 (95,1%)
Ekki íslenskt ríkisfang	6 (4,9%)
Tungumál könnunar:	
Íslenska	157 (92,9%)
Enska	12 (7,1%)

Staða málaflokka

Fyrst verður fjallað um almenna ánægju með búsetu í Vesturbyggð og stöðu málaflokka í sveitarfélaginu (mynd 1). Almennt virðist vera ánægja með það að búa í Vesturbyggð eins og sjá má lengst til vinstri á myndinni (mælt með spurningunni: „Telur þú almennt gott eða slæmt að búa í Vesturbyggð?“). Meðaltal spurningarinnar var 5,36 sem þýðir að flestir þátttakendur telja gott eða frekar gott að búa í sveitarfélaginu.

Afstaða þátttakenda til málaflokka er birt á sömu mynd. Flestir málaflokkar voru einhvers staðar við miðbik skalans, þ.e. 4 = nær afstöðunni hvorki gott né slæmt. Þeir málaflokkar sem skiluðu meðaltali fyrir ofan 4 voru gæði grunnskóla, gæði leikskóla, tækifæri til afþreyingar og menntunar, tækifæri til íþrótta- og tómstundaiðkunar, umhverfismál almennt og möguleikar til atvinnu. Nokkrir málaflokkar skiluðu eilítið lakari niðurstöðu (þ.e. undir 4), þjónusta við eldra fólk, farsímasamband, skipulagsmál og framboð af fjölbreyttri atvinnu. Áberandi mest óánægja var með stöðu vegakerfisins, það skilaði meðaltalinu 2,09 sem má túlka sem að flestir hafi metið ástand þess sem slæmt.




Mynd 1: Meðaltöl stöðu málaflokka í Vesturbyggð.

Félagsauður

Hér á eftir fara nokkrar spurningar sem snerta á félagsauði í Vesturbyggð. Spurt er um þátttöku í sjálfboðaliðastarfi og félagsstarfi sem og félagsnet, svo sem hvort þátttakendur eigi fjölskyldu og vini í samfélaginu og hvort viðkomandi taki þátt í íbúahópum á samfélagsmiðlum.


Spurt var um þátttöku í sjálfboðaliðastarfi (mynd 2). Hér er niðurstöðunum varpað upp eftir fjölda svara við hvern valmöguleika sem var í boði. Sjálfboðaliðastarf er mikilvægt hvað varðar menningarlíf, líknarmál, íþróttastarf og svo mætti lengi telja enda mörgum samfélagslega mikilvægum málum sinnt í sjálfboðavinnu.

Mikill meirihluti þátttakenda kvaðst verja a.m.k. einhverjum tíma í sjálfboðaliðastarf. Tæpur helmingur sagðist vera um 1-4 klst. í viku og tæplega einn fimmti þátttakenda kvaðst verja meiri tíma í sjálfboðaliðastarf en það. Rúmur þriðjungur kvaðst ekki taka þátt í neinu félagsstarfi.




Mynd 2: Sinnir þú sjálfboðaliðastarfi í einhverju formi í þínu samfélagi?

Einnig var spurt hvort þátttakendur væru virkir þátttakendur í einhvers konar félagsstarfi eða félagasamtökum í sínu samfélagi (mynd 3). Nokkur meirihluti, eða 60% sagði svo vera.




Mynd 3: Ertu virkur þátttakandi í einhvers konar félagsstarfi/félagasamtökum í þínu samfélagi? (fyrir utan að hitta nánustu fjölskyldu og vini).

Á mynd 4 má sjá svör við því hvort þátttakendur ættu fjölskyldu í sínu samfélagi. Um 16% sögðust ekki hafa neinn úr sinni nánustu fjölskyldu í samfélaginu, tæplega helmingur sagðist eiga nokkra fjölskyldumeðlimi og rúmur þriðjungur marga eða mjög marga fjölskyldumeðlimi.




Mynd 4: Áttu fjölskyldu í þínu samfélagi?

Á mynd 5 má sjá svör við því hvort þátttakendur eiga vini í sínu samfélagi. Langflestir, rúmur helmingur, töldu sig eiga nokkra vini, um fjórðungur marga og um 13% mjög marga. Um 10% sögðust ekki eina neina vini en nokkra kunningja og um 1% enga vini eða kunningja.




Mynd 5: Áttu vini í þínu samfélagi?

Á mynd 6 má sjá svör þátttakenda við því hvort þeir taki þátt í íbúahópum á samfélagsmiðlum, t.d. Facebook. Um 10% sögðust oft taka þátt í slíkum hópum, um 45% stundum og 41% sagðist vera skráð í slíka hópa en taka ekki þátt í umræðum. Þá sögðust 4% ekki vera skráð í slíka hópa.



Mynd 6: Tekur þú þátt í íbúahópum á samfélagsmiðlum, t.d. Facebook?

Á mynd 7 má sjá svör við því hvort þátttakendur teldu upplýsingar nógu aðgengilegar eða sýnilegar um viðburði og annað sem væri um að vera í samfélaginu. 22% töldu upplýsingar ekki vera nægjanlega sýnilegar og 29% að sýnileikinn væri frekar lítill. Um 36% töldu sýnileikann mikinn og 13% að slíkar upplýsingar væru mjög sýnilegar.



Mynd 7: Finnst þér almennt nógu aðgengilegar eða sýnilegar upplýsingar um viðburði og annað sem um er að vera í samfélaginu?

Félagsleg sjálfsmynd

Nú verða kynntar til leiks félagssálfræðilegar breytur sem mæla samband íbúa við samfélagið/sveitarfélagið sem félagslegs hóps. Byrjað er á svokallaðri félagslegri sjálfsmynd en hér var kannað samband íbúa við Vesturbyggð í heild (þ.e. ekki nærsamfélög, þorp eða byggðakjarna).

Við mannfólkið byggjum hluta sjálfsmyndar okkar á hópum sem við tilheyrum og þekking og meðvitund um þá hópa er kölluð félagsleg sjálfsmynd og getur átt við sveitarfélög sem og aðra hópa, eins og íþróttalið, stjórnmálaflokka o.s.frv. (Tajfel, 1978; Tajfel og Turner, 1979). Nokkrar leiðir eru færar til að mæla félagslega sjálfsmynd en í þessari rannsókn verða skoðaðir tveir mælikvarðar: Félagsleg samsömun[1] (e. *social identification*) og sameiginlegur narsissismi[2] (e. *collective narcissism*). Félagsleg sjálfsmynd er því notuð sem yfirheiti yfir þessi tvö hugtök þó í þeim felist gjörólíkir eiginleikar.


Félagsleg samsömun stendur fyrir að upplifa sig sem hluta af hópnum og að sjá hann í jákvæðu ljósi (Cameron, 2004; Leach o.fl., 2008). Í félagslegri samsömun felst sú upplifun að maður sé í tengslum við hópinn, sjái hópinn sem hluta af eigin persónulegu sjálfsmynd og að maður hafi jákvæðar tilfinningar í garð hópsins. Það má því segja að í sterkri félagslegri samsömun felist ákveðið öryggi í eigin skinni og en ekki þörf fyrir samanburð við aðra hópa. Sterk félagsleg samsömun er því eins konar drifkraftur fyrir þátttöku í málefnum hópsins, uppbyggilegum samskiptum við aðra hópmeðlimi sem og jákvæð viðhorf til annarra félagslegra hópa.

Sameiginlegur narsissismi stendur fyrir annars konar samband við félagslegan hóp sem maður tilheyrir. Í honum felst frekar sú trú að hópurinn njóti ekki þeirrar virðingar sem hann eigi skilið og viðkvæmni fyrir ytri gagnrýni (Golec de Zavala o.fl., 2009). Sameiginlegur narsissismi tengist neikvæðum viðhorfum til annarra hópa, fordómum og samanburði við aðra (Cichocka, Bocian, o.fl., 2022). Því má segja að sameiginlegur narsissismi sé eins konar spegilmynd félagslegrar samsömunar og felur í sér óöryggi, minnimáttarkennd og þörf á samanburði við aðra.

Meðaltöl fyrir þessar tvær breytur eru birt á mynd 8. Bæði meðaltölin eru eilítið fyrir ofan miðpunktinn 4 og er hér um að ræða nokkuð sambærilegar tölur og komu fram í sveitarfélögunum þremur sem rannsökuð voru í rannsókn Bjarka Þórs Grönfeldt og Vífils Karlssonar (2024a). Það má því álykta varfærnislega að félagsleg sjálfsmynd íbúa í Vesturbyggð sé ámóta sterk og í öðrum sveitarfélögum þar sem slíkt hefur verið kannað.

[1] Mæld með styttri útgáfu af kvarða Camerons (2004).

[2] Mældur með kvarða Cichocka o.fl. (2023).




Mynd 8: Meðaltöl félagslegrar samsömunar og sameiginlegs narsissisma (félagsleg sjálfsmynd)

Samtakamáttur samfélags

Næst verða skoðaðar tvær mikilvægar breytur sem snerta á samtakamætti samfélags, sameiginleg sjálfstiltrú[3] (e. *collective efficacy*) og félagsleg samheldni (e. *social cohesion*)[4]. Spurt var um bæði þessi atriði í tengslum við sveitarfélagið Vesturbyggð í heild sem og nærsamfélags/byggðakjarna þátttakenda.

Sameiginleg sjálfstiltrú er trú fólks á getu samfélagsins í heild sinni til þess að skipuleggja og framkvæma það sem þarf til að ná settum sameiginlegum markmiðum (Bandura, 1997). Með öðrum orðum, þá er sameiginleg sjálfstiltrú eins konar mat fólks á því hvort samfélagið „hafi það sem þarf“ til þess að takast á við sameiginlegar áskoranir.

Félagsleg samheldni (e. *social cohesion*) er nátengt hugtak sem gjarnan er rannsakað samhliða og felur í sér mat á nánd og trausti milli fólks í samfélaginu (Sampson o.fl., 1997). Félagsleg samheldni er eitt af áhersluatriðum Evrópuráðsins (e. *Council of Europe*) í samfélagsþróun 21. aldar. Samkvæmt Evrópuráðinu felst félagsleg samheldni í því að gagnkvæmt traust sé á milli íbúa, þeir standi saman þegar á reynir, eigi í góðum samskiptum, hafi sameiginleg gildi og jafnræði sé milli fólks (Council of Europe, 2008). Félagsleg samheldni er eins konar grunnur sem sameiginleg sjálfstiltrú stendur á og skilar sterkari samfélögum.



Mynd 9: Meðaltöl sameiginlegrar sjálfstiltrúar og félagslegrar samheldni


[3] Mæld með styttri útgáfu af kvarðanum „perceived efficacy to take action as a group“ eftir Figueroa o.fl. (2002).
[4] Mæld með spurningum Sampson o.fl. (1997).

Meðaltöl þessara breyta má sjá á mynd 9. Athygli vekur að meðaltöl fyrir félagslega samheldni eru hærri en sameiginlega sjálfstiltrú. Pöruð *t*-próf leiddu í ljós að marktækur munur var á meðaltölunum séu þau borin saman. Félagsleg samheldni *sveitarfélags* (*M* = 4,90, *SD* = 1,37) mældist hærri en sameiginleg sjálfstiltrú *sveitarfélags* (*M* = 3,93, *SD* = 1,12), *t*(-11,30), *p* < ,001); félagsleg samheldni *nærsamfélags* (*M* = 5,11, *SD* = 1,54) mældist hærri en sameiginleg sjálfstiltrú nærsamfélags (*M* = 4,14, *SD* = 1,23), *t*(-11,10), *p* < ,001). Það virðist því vera ákveðið gat á milli þess hve samheldið samfélagið er og hverju það telur sig geta áorkað. Fjallað er um merkingu þessa mynsturs í umræðukafla.

Samfélagskennd

Samfélagskennd[5] (e. *sense of community*) er sú tilfinning að maður tilheyri samfélaginu, fólk skipti hvert annað og samfélagið máli og að fólk muni fá það sem það þarf í nærumhverfinu (McMillan og Chavis, 1986). Samfélagskennd samanstendur af fjórum undirþáttum:

1) Uppfylling þarfa (e. *needs fulfilment*), sú tilfinning að maður fái öllum þörfum sínum fullnægt í samfélaginu. Samfélag verður að geta séð meðlimum sínum fyrir þeim gæðum sem þarf. Þau gæði eru mismunandi eftir gerð hópa en í tilfelli sveitarfélaga eru það helstu forsendur búsetu á svæðinu (t.d. nærþjónusta).
2) Samfélagsaðild (e. *membership*), sú tilfinning að maður tilheyri samfélaginu og tengist fólkinu í því persónulega. Í samfélagsaðild felst að maður hafi lagt hluta af sjálfum sér í að verða meðlimur og eigi því rétt á að tilheyra og njóta þess tilfinningalega öryggis sem því fylgir að vera hluti af hópi.
3) Áhrif á samfélagið (e. *influence*), sú tilfinning að maður skipti máli í samfélaginu, geti haft áhrif á það og einnig að samfélagið skipti meðlimi þess máli.
4) Tilfinningaleg tenging (e. *emotional connection*), að finnast maður tengjast samfélaginu í gegnum sögu þess, staðsetningu og sameiginlega reynslu annarra sem búa í samfélaginu.




Mynd 10: Meðaltöl samfélagskenndar

[5] Mæld með mælikvarða Peterson o.fl. (2008).

Meðaltöl fyrir breytur sem mældu samfélagskennd má sjá á mynd 10. Uppfylling þarfa skar sig úr. Dreifigreining tengdra mælinga (e. *repeated measures ANOVA*) leiddi í ljós að uppfylling þarfa var marktækt lægri en hinir mælikvarðarnir, $F(2{,}36, 301{,}45) = 92{,}20$, $p < ,001$, $\eta^2_p \approx .42$. Próf Mauchly marktækt, $W = .684$, $p < .001$; Greenhouse–Geisser leiðréttingin því notuð, $\varepsilon = .785$. Öll p Tukey prófsins < ,001. Niðurstaðan þýðir í raun að minnihluti þátttakenda töldi að þeir gætu uppfyllt allar sínar þarfir í sveitarfélaginu, sem dregur niður heildarniðurstöðu samfélagskenndar í sveitarfélaginu.


Hamingja og sjálfstraust

Spurt var um hamingju þátttakenda *„Hvernig metur þú eigin hamingju á skalanum 0 til 10 þegar þú horfir til allra þátt í lífi þínu?“*, þar sem 0 þýddi „Algjörlega óhamingjusamur/söm/samt“ og 11 þýddi „Gæti ekki verið hamingjusamari“. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 11. Meðaltalið má túlka sem svo að þátttakendur meti hamingju sína tiltölulega góða.



Mynd 11: Meðaltal hamingju

Einnig var spurt um sjálfstraust með því að biðja þátttakendur um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar „Ég er með gott sjálfstraust“ á skalanum 1 (á mjög illa við) til 7 (á mjög vel við). Meðaltal má sjá á mynd 12. Þátttakendur mátu sjálfstraust sitt að meðaltali gott.




Mynd 12: Meðaltal sjálfstrausts

Ýmsar spurningar um samfélagið

Á mynd 13 má sjá meðaltöl afstöðu þátttakenda til ýmissa fullyrðinga sem geta varpað ljósi á byggðabrag í því nærsamfélagi/þorpi sem þátttakendur bjuggu í. Spurt var um afstöðu til þess hvort dreifbýli og þéttbýli í nærsamfélaginu ættu erfitt með að vinna saman, hvort slúður og neikvætt umtal væri vandamál, um traust til fólks í leiðtogahlutverkum í samfélaginu, um frændhygli og klíkuskap og hvort byggðakjarni þátttakenda hefði jöfn áhrif á við aðra byggðakjarna í sveitarfélaginu.


Afstaða til þess hvort það væri frændhygli eða klíkuskapur í samfélaginu skilaði hæsta meðaltalinu, svo það virðist frekar útbreidd skoðun. Niðurstöður annarra spurninga voru á svipuðum slóðum en þó nær „hvorki né“ afstöðunni. Það má því segja að meðaltali hafi skoðun þátttakenda á þeim breytum verið á milli „hvorki né“ og „á frekar vel við“. Það er því jákvætt að sjá að fólk í leiðtogahlutverkum í samfélaginu njóti meira trausts en ekki (þó gott hefði verið að sjá þessa tölu enn hærri). Það er þó umhugsunarvert að slúður og neikvætt umtal virðist þó vera metið sem nokkuð vandamál að margra mati og samstarf dreifbýlis og þéttbýlis sömuleiðis. Betur er fjallað um jafnvægi milli byggðakjarna síðar í kaflanum.



Mynd 13: Ýmsar spurningar um nærsamfélagið

Á mynd 14 má sjá meðaltöl afstöðu þátttakenda til ýmissa fullyrðinga sem geta varpað ljósi á byggðabrag í Vesturbyggð í heild. Spurt var um hvort hrepparígur sé vandamál á svæðinu, hvort dreifbýlið og þéttbýlið eigi erfitt með að vinna saman, hvort Vesturbyggð hafi verið skilin eftir af ríkisvaldinu, hvort slúður og neikvætt umtal sé vandamál, traust til fólks í leiðtogahlutverki í samfélaginu og hvort það sé frændhygli/klíkuskapur í samfélaginu.

Það meðaltal sem stingur í stúf er afstaða til fullyrðingarinnar um að Vesturbyggð hafi verið skilin eftir af ríkisvaldinu – það virðist nokkuð útbreidd skoðun. Líkt og þegar spurt var um nærsamfélag/byggðakjarna var afstaða til þess hvort samstarf þéttbýlis og dreifbýlis væri erfitt, hvort hrepparígur væri á svæðinu og hvort slúður og neikvætt umtal sé vandamál, að meðaltali á milli „hvorki né“ og að það eigi „frekar vel“ við. Að sama skapi var afstaða til þess hvort þátttakendur treysti fólki í leiðtogahlutverkum á svipuðum slóðum.




Mynd 14: Ýmsar spurningar um Vesturbyggð í heild

Súlur á mynd 14

1 meðaltal 4,26 - Hrepparígur er vandamál á svæðinu
2 meðaltal 4,35 – Dreifbýlið og þéttbýlið eiga erfitt með að vinna saman
3 meðaltal 5,40 – Vesturbyggð hefur verið skilin eftir af ríkisvaldinu
4 meðaltal 4,79 – Slúður og neikvætt umtal er vandamál í Vesturbyggð
5 meðaltal 4,56 – Ég treysti fólki í leiðtogahlutverkum í samfélaginu
6 meðaltal 5,02 – Það er frændhygli/klíkuskapur í samfélaginu


Á mynd 15 má sjá afstöðu þátttakenda til þess hvort þeir hafi áhuga á sögu Vesturbyggðar og þess hvort þeir upplifi að þeir hafi tækifæri til að ná árangri í leik og starfi í Vesturbyggð. Að meðaltali töldu þátttakendur það eiga „frekar vel“ við um sig að hafa áhuga á sögu sveitarfélagsins. Svipuð niðurstaða, þó örlítið lægri, var fyrir það hvort þátttakendur teldu sig hafa tækifæri til að ná árangri í leik og starfi í Vesturbyggð.



Mynd 15: Áhugi á sögu sveitarfélagsins og tækifæri í leik og starfi

Á mynd 16 má sjá meðaltöl fyrir ýmis atriði sem snerta á stolti yfir samfélaginu. Spurt var um stolt af samfélaginu í heild, menningararfleið Vesturbyggðar, náttúru og landslagi og afreksfólki á sviði íþrótta, lista og menningar. Þá var einnig spurt hvort þátttakendur fyndu fyrir stolti þegar öðrum íbúum gengur vel og láta á sér bera sem og hvort þátttakendur fyndu fyrir stolti þegar þeir sjá jákvæðar fréttir af viðburðum eða uppbyggingu í Vesturbyggð.


Þau atriði sem stóðu upp úr voru stolt af náttúru og landslagi og af jákvæðum fréttum úr Vesturbyggð. Þar rétt á eftir komu stolt af afreksfólki og af því þegar öðrum íbúum Vesturbyggðar gengur vel og láta á sér bera. Lægstu niðurstöðunni (en þó nálægt afstöðunni „á frekar vel við“) skiluðu stolt af samfélaginu og menningararfleifð Vesturbyggðar.



Mynd 16: Stolt tengt ýmsum þáttum í sveitarfélaginu

Á mynd 17 er greint frá afstöðu til ýmissa fullyrðinga um móttöku innflytjenda, nýs fólks og fyrirtækja í sveitarfélaginu. Spurt var um hvort Vesturbyggð ætti að taka innflytjendum opnum örmum, hvort Vesturbyggð ætti að taka nýjum íbúum frá öðrum sveitarfélögum opnum örmum, hvort Vesturbyggð ætti að laða að sér fríbúa/hjábúa, hvort Vesturbyggð ætti að vera opin fyrir nýjum fyrirtækjum sem vilja flytja starfsemi í sveitarfélagið og svo afstöðu til þess hvort innflytjendum sé vel tekið í Vesturbyggð.

Niðurstaðan hvað varðar starfsemi nýrra fyrirtækja var nokkuð afgerandi, en þátttakendur voru mjög sammála því að Vesturbyggð ætti að vera opin gagnvart þeim. Þá var afstaða til þess að taka á móti nýjum íbúum frá öðrum sveitarfélögum mjög jákvæð en afstaða til þess að taka innflytjendum opnum örmum nokkuð lægri, en þó nálægt því að eiga „frekar vel“ við. Svipuð niðurstaða var fyrir það hvort innflytjendum sé vel tekið í Vesturbyggð. Þá var andstaðan við það að sveitarfélagið laði að sér svokallaða fríbúa/hjábúa nokkuð afgerandi.




Mynd 17: Afstaða til innflytjenda, nýs fólks og fleira

Spurningar um sameiningar


Spurt var um afstöðu þátttakenda til sameiningarmála, bæði hvort Vesturbyggð ætti að óska eftir sameiningu við önnur sveitarfélög sem og hve vel sameining sveitarfélagsins árið 2024 hafi tekist. Í ljósi eðlis þeirra spurninga er gefinn upp fjöldi svara og hlutfall hvers svarmöguleika frekar en sem meðaltal eins og í öðrum spurningum.

Á mynd 18 má sjá afstöðu til þess hvort Vesturbyggð eigi að óska eftir sameiningu við önnur sveitarfélög. Eins og sjá má á myndinni töldu langflestir þátttakendur það eiga mjög illa eða frekar illa við.



Mynd 18: Afstaða til þess hvort Vesturbyggð eigi að óska eftir sameiningu við önnur sveitarfélög

Á mynd 19 má sjá afstöðu þátttakenda til þess hve vel eða illa sameining sveitarfélagsins árið 2024 tókst. Langflestir höfðu jákvæða afstöðu til sameiningarinnar, um fjórðungur taldi hana hvorki vel né illa heppnaða og mikill minnihluti taldi hana illa heppnaða.




Mynd 19: Afstaða til þess hve vel eða illa sameining sveitarfélagsins árið 2024 hafi tekist

Samanburður milli byggðakjarna

Í ljósi þess að Vesturbyggð er nýsameinað sveitarfélag sem er nú að fikra sig áfram með heimastjórnarkerfi var gerður samanburður á afstöðu þátttakenda eftir því í hvaða byggðakjarna/þorpi þeir bjuggu. Fjöldi svara frá svæðunum fjórum var aðeins mismunandi og aðeins hægt að draga vísbendingar með marga þætti. Hér verður greint frá þeim spurningum þar svör voru nógu mörg til að marktækur munur mældist á afstöðu eftir byggðakjarna.


Marktækur munur var á afstöðu til tækifæra til afþreyingar (ANOVA; $F(3, 163{,}3) = 4{,}78$, $p = {,}003$). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að meðaltalið var hærra á Patreksfirði en á Tálknafirði ($p < {,}001$). Tálknfirðingar eru því marktækt óánægðari en íbúar á Patreksfirði með tækifæri sín til afþreyingar og menningar.



Mynd 20: Samanburður á stöðu tækifæra til afþreyingar eftir byggðakjörnum

Marktækur munur var á afstöðu til tækifæra til þjónustu við eldra fólk eftir byggðakjörnum (ANOVA; $F(3, 157) = 4{,}55$, $p = {,}004$). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að meðaltalið var hærra í Patreksfirði en í Arnarfirði/Bíldudal ($p = {,}002$).


Íbúar í Arnarfirði/Bíldudal eru því marktækt óánægðari heldur en íbúar á Patreksfirði með þjónustu við eldra fólk. Of fá svör voru í fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshreppi til að það sé mælanlegt.



Mynd 21: Samanburður á þjónustu við eldra fólk eftir byggðakjörnum

Marktækur munur var á afstöðu til tækifæra til íþrótta- og tómstundaiðkunar eftir byggðakjörnum (ANOVA; $F(3, 164) = 16{,}40$, $p < {,}001$). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að meðaltalið var hærra á Patreksfirði en bæði í Arnarfirði/Bíldudal ($p < .001$) og á Tálknafirði ($p = {,}004$).


Íbúar í Arnarfirði/Bíldudal og á Tálknafirði eru því marktækt óánægðari en íbúar Patreksfjarðar með tækifæri til íþrótta- og tómstundaiðkunar.



Mynd 22: Samanburður á tækifærum til íþrótta- og tómstundaiðkunar eftir byggðakjörnum


Marktækur munur var á afstöðu til tækifæra til þess hvort fjölbreytt atvinna sé í boði (ANOVA; $F(3, 163) = 3{,}94$, $p = {,}010$). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að meðaltalið var hærra í Patreksfirði en á Tálknafirði ($p = {,}011$).

Íbúar á Tálknafirði eru því marktækt óánægðari en íbúar Patreksfjarðar með fjölbreytta atvinnu í boði.




Mynd 23: Samanburður á afstöðu til þess hvort fjölbreytt atvinna sé í boði eftir byggðakjörnum

Marktækur munur var á afstöðu til tækifæra til þess hvort byggðakjarni hefði áhrif til jafns við aðra byggðakjarna í sveitarfélaginu (ANOVA; $F(3, 125) = 10{,}40$, $p < {,}001$). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að meðaltalið var hærra í Patreksfirði en bæði á Tálknafirði ($p = {,}018$) og í Arnarfirði/Bíldudal ($p < {,}001$). Athygli er vakin á því að þó meðaltalið hafi verið lægst í fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshreppi þá voru of fá svör á bak við meðaltalið til að vera marktækt.




Mynd 24: Samanburður á afstöðu til þess hvort byggðakjarni hafi jöfn áhrif á við aðra byggðakjarna í sveitarfélaginu eftir byggðakjörnum

Marktækur munur var á áhuga á sögu Vesturbyggðar eftir byggðakjörnum (ANOVA; $F(3, 125) = 4{,}80$, $p = ,003$). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að meðaltalið var hærra í bæði Patreksfirði ($p = ,004$) og fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshreppi en á Tálknafirði ($p = ,049$).




Mynd 25: Áhugi á sögu Vesturbyggðar borið saman eftir byggðakjörnum

Marktækur munur var á afstöðu til þess hvort Vesturbyggð ætti að taka nýjum íbúum sem flytja frá öðrum sveitarfélögum opnum örmum (ANOVA; $F(3, 125) = 3{,}87$, $p = {,}011$). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að meðaltalið var hærra á Patreksfirði en Tálknafirði ($p = {,}009$). Athygli er vakin á því að þó meðaltalið hafi verið hæst í fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshreppi þá voru of fá svör á bak við til að munurinn væri marktækur.



Mynd 26: Afstaða til þess hvort Vesturbyggð eigi að taka nýjum íbúum sem flytja frá öðrum sveitarfélögum opnum örmum eftir byggðakjörnum

Marktækur munur var á því hve vel eða illa sameining sveitarfélagsins árið 2024 þótti hafa heppnast (ANOVA; $F(3, 25{,}7) = 3{,}89$, $p = {,}020$). Tukey eftirá prófið leiddi í ljós að munurinn lág í því að meðaltalið var hærra á Patreksfirði en í Arnarfirði/Bíldudal ($p = {,}013$).




Mynd 27: Afstaða til þess hve vel eða illa sameining sveitarfélagsins tókst eftir byggðakjörnum

Samanburður milli kynja


Marktækur munur greindist milli kynja á nokkrum breytum og er greint frá niðurstöðum marktækra óháðra t-prófa.

Fyrsta breytan var almennt viðhorf til þess hve gott eða slæmt sé að búa í Vesturbyggð (sjá mynd 28). Konur (*M* = 5,63, *SD* = 1,11) töldu frekar en karlar (*M* = 5,09, *SD* = 1,33) að gott væri að búa í Vesturbyggð, *t*(148) = -2.67, *p* = ,009.



Mynd 28: Telur þú almennt gott eða slæmt að búa í Vesturbyggð? Greint eftir kyni


Marktækur munur var á viðhorfum kynjanna til eins af þeim málaflokkum sem spurt var um: Skipulagsmál (sjá mynd 29). Konur (*M* = 4,27, *SD* = 1,27) voru ánægðari með skipulagsmál en karlar (*M* = 3,57, *SD* = 1,63), *t*(143,3) = -2,95, *p* = ,004.



Mynd 29: Hvert er þitt álit á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í Vesturbyggð? Skipulagsmál greint eftir kyni


Marktækur munur greindist á tveimur þáttum samfélagskenndar, samfélagsaðild (mynd 30) og áhrifa á samfélagið (mynd 31). Hægt er að nálgast upplýsingar um þessi hugtök fyrr í skýrslunni.

Konur (*M* = 5,32 , *SD* = 1,38) mældust hærri á samfélagsaðild en karlar (*M* = 4,65, *SD* = 1,72), *t* (120) = -2,37, *p* = ,019.




Mynd 30: Samfélagsaðild greind eftir kyni

Konur (*M* = 4,93 , *SD* = 1,24) mátu áhrif á samfélagið meiri en karlar (*M* = 4,23, *SD* = 1,65), *t*(100,9) = -2,60, *p* = ,011 (sjá mynd 31).



Mynd 31: Áhrif á samfélagið greind eftir kyni

Næsta breyta sem mældist marktækur munur milli kynja, var mat á félagslegri samheldni í nærsamfélagi. Konur (*M* = 5,50 , *SD* = 1,28) töldu meiri félagslega samheldni ríkja í nærsamfélagi sínu en karlar (*M* = 4,72, *SD* = 1,66), *t*(105) = -2,86, *p* = ,005 (sjá mynd 32).



Mynd 32: Félagsleg samheldni [nærsamfélags] greind eftir kyni


Á mynd 33 má sjá meðaltöl fyrir breytur sem snerta á stolti af ýmsum þáttum í sveitarfélaginu og mat á tækifærum til þess að ná árangri í leik og starfi.

Konur (*M* = 5,39 , *SD* = 1,40) voru stoltari af menningararfleifð Vesturbyggðar en karlar (*M* = 4,55, *SD* = 1,64), *t*(116) = -2,98 *p* = ,003.

Konur (*M* = 5,90, *SD* = 1,18) voru stoltari af afreksfólki úr Vesturbyggð á sviði íþrótta, lista og menningar en karlar (*M* = 5,14, *SD* = 1,69), *t*(99,2) = -2,82, *p* = ,006.

Konur (*M* = 6,05, *SD* = 1,15) sögðust finna fyrir meira stolti þegar öðrum íbúum gengur vel og láta á sér bera en karlar (*M* = 5,32, *SD* = 1,77), *t*(92,9) = -2,61, *p* = ,010.

Konur (*M* = 5,18, *SD* = 1,53) töldu sig hafa meiri tækifæri til að ná árangri í leik og starfi í Vesturbyggð en karlar (*M* = 4,48, *SD* = 1,79), *t*(116) = -2,27, *p* = ,025.




Mynd 33: Stolt tengt ýmsum þáttum í sveitarfélaginu og tækifæri til árangurs greint eftir kyni

Á mynd 34 má sjá viðhorf til innflytjenda og nýrra íbúa greint eftir kyni.


Konur (*M* = 5,52, *SD* = 1,65) voru frekar á því að Vesturbyggð ætti að taka innflytjendum opnum örmum en karlar (*M* = 4,38, *SD* = 2,05), *t*(112) = -3,31, *p* < ,001.

Konur (*M* = 6,31, *SD* = 1,01) voru frekar á því að Vesturbyggð ætti að taka nýjum íbúum sem flytja frá öðrum sveitarfélögum opnum örmum en karlar (*M* = 5,68, *SD* = 1,53), *t*(87,9) = -2,56, *p* = ,012.



Mynd 34: Viðhorf til innflytjenda og nýrra íbúa greint eftir kyni

Á mynd 35 má sjá hamingju greinda eftir kyni. Konur (*M* = 7,77, *SD* = 1,51) mátu hamingju sína meiri en karlar (*M* = 6,96, *SD* = 2,28), *t*(85,6) = -2,20, *p* = ,031.



Mynd 35: Hamingja, greint eftir kyni

Opnar spurningar

Samantekt á svörum íbúa við opinni spurningu: „Hvaða einkenni svæðisins ætti helst að leggja áherslu á í kynningarmálum?“

Greining á svörum íbúa sýnir skýra samstöðu um að náttúra Vesturbyggðar sé mikilvægasti styrkleiki sveitarfélagsins og það sem leggja eigi mesta áherslu á í kynningarmálum. Íbúar nefna ítrekað stórbrotna náttúrufegurð, kyrrð, hreinleika og fjölbreytt landslag, auk náttúruperla á borð við Látrabjarg, Rauðasand, Dynjanda, Vatnsfjörð og heitar laugar. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytt útivistartækifæri, gönguleiðir, hafið og nálægð við náttúruna, sem mikilvæga hluta af sérstöðu svæðisins.

Annað meginþema í svörunum er samfélagið sjálft. Margir íbúar lýsa Vesturbyggð sem öruggu, samheldnu og fjölskylduvænu samfélagi þar sem lífsgæði eru mikil, vegalengdir stuttar og gott jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Einnig eru nefnd tækifæri til atvinnu, einkum í ferðaþjónustu, sjávarútvegi, fiskeldi, landbúnaði og matvælaframleiðslu, auk menningar, sögu og staðbundinnar matarmenningar sem þætti sem mætti draga betur fram.

Í nokkrum svörum koma einnig fram ábendingar um áskoranir, svo sem samgöngur, þjónustu, háan framfærslukostnað og áhrif laxeldis, en þær athugasemdir eru mun fátíðari en lýsingar á styrkleikum svæðisins. Heildarniðurstaðan bendir því til að íbúar telji að ímynd Vesturbyggðar eigi fyrst og fremst að byggja á einstæðri náttúru, friðsæld, sterkri samfélagskennd og þeim lífsgæðum sem felast í því að búa í litlu en öflugu samfélagi.

Samantekt á svörum íbúa við opinni spurningu: „Hvað er að þínu mati vel gert í sveitarfélaginu? Hvað kallar fram stolt og ánægju þína sem íbúi?“

Greining á svörum íbúa sýnir að stolt og ánægja tengjast fyrst og fremst öflugu samfélagi og mikilli samheldni. Íbúar nefna ítrekað sterkan samfélagsanda, öfluga sjálfboðaliða og virkt starf félagasamtaka, svo sem björgunarsveita, Lionsklúbbs, kvenfélaga og annarra félaga sem leggja mikið af mörkum til samfélagsins. Margir lýsa ánægju með að íbúar vinni vel saman, taki vel á móti nýjum íbúum og leggi sig fram um að efla nærumhverfið.

Annað áberandi þema er öflugt íþrótta-, menningar- og félagsstarf. Íbúar nefna góða íþróttaaðstöðu, sundlaugar, fjölbreytt íþróttastarf barna og ungmenna, menningarviðburði, hátíðir og starfsemi Skjaldborgarbíós sem þætti sem vekja stolt. Einnig er skólastarf, leikskólar og öldrunarþjónusta nefnd sem dæmi um þjónustu sem vel er staðið að.

Jafnframt lýsa margir ánægju með uppbyggingu síðustu ára, snyrtilegt umhverfi, framkvæmdir í þéttbýliskjörnum og aukin atvinnutækifæri. Náttúran sjálf er einnig nefnd sem mikilvæg uppspretta stolts, ásamt sögu svæðisins og sterku atvinnulífi, sérstaklega í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum sem styðja við samfélagið.

Þótt nokkrir þátttakendur telji að fátt standi sérstaklega upp úr eða nefni atriði sem betur mega fara, er heildarmyndin sú að íbúar upplifa sterka samfélagskennd, öflugt félagslíf, virkt sjálfboðastarf og jákvæða uppbyggingu sem helstu ástæður stolts og ánægju með Vesturbyggð.

Samantekt á svörum íbúa við opinni spurningu: „Að þínu mati, hvað mætti betur fara í sveitarfélaginu? Hvað þarf helst að gera til að auka þína búsetuánægju?“

Greining á svörum íbúa bendir til að stærstu umbótaþarfirnar snúi að innviðum, þjónustu og stjórnsýslu sveitarfélagsins. Samgöngur eru langalgengasta umfjöllunarefnið, þar sem íbúar kalla eftir öruggari vegum, betri tengingum milli byggðarkjarna og auknu aðgengi að samgöngum. Einnig eru húsnæðismál, hár framfærslukostnaður og takmarkað vöruúrval nefnd sem þættir sem draga úr búsetuánægju.

Margir íbúar leggja áherslu á að efla þjónustu, sérstaklega við börn, fjölskyldur, eldri borgara og fólk með sérþarfir. Skóla- og leikskólamál koma oft fyrir, þar sem kallað er eftir auknum gæðum, stöðugleika og skýrari framtíðarsýn. Þá eru heilbrigðisþjónusta, fjarskipti, raforkuöryggi og aðrir grunninnviðir einnig nefndir sem mikilvægir þættir sem þurfi að styrkja.

Annað áberandi þema er stjórnsýsla sveitarfélagsins. Íbúar óska eftir auknu gagnsæi, betri upplýsingagjöf, skýrari samskiptum og meira samráði við íbúa um ákvarðanir. Jafnframt koma fram

ábendingar um að hraða þurfi afgreiðslu mála og tryggja meira jafnræði milli byggðarkjarna sveitarfélagsins.

Þá nefna margir mikilvægi þess að bæta umhverfismál, auka snyrtimennsku og efla samfélagsanda. Heildarmyndin er sú að íbúar telja að aukin fjárfesting í innviðum og þjónustu, opnari stjórnsýsla og markviss uppbygging samfélagsins myndu hafa mest áhrif á búsetuánægju og gera Vesturbyggð að enn betri stað til að búa á.

Samantekt á svörum íbúa við opinni spurningu: „Hvað mætti gera til að laða að nýja íbúa í sveitarfélagið?“

Greining á svörum íbúa sýnir að mikilvægasta forsenda þess að laða að nýja íbúa er að efla atvinnu- og húsnæðismál. Langflestir nefna þörf á fjölbreyttari atvinnutækifærum, fleiri störfum og sterkari stuðningi við nýsköpun, fyrirtækjarekstur og opinber störf. Jafnframt er lögð rík áhersla á að auka framboð af húsnæði, bæði til kaups og leigu og tryggja aðgengi að hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fjölskyldur.

Annað meginþema í svörunum er mikilvægi góðrar þjónustu og öflugra innviða. Íbúar nefna að bæta þurfi skóla, leikskóla, heilbrigðisþjónustu, samgöngur, fjarskipti og aðra grunnþjónustu til að sveitarfélagið verði samkeppnishæfara sem búsetukostur. Einnig eru nefnd tækifæri til fjarvinnu og mikilvægi þess að skapa aðstæður sem henta bæði fjölskyldufólki og fólki sem getur unnið óháð staðsetningu.

Margir telja jafnframt að markaðssetning sveitarfélagsins megi vera markvissari. Þar er sérstaklega bent á að leggja áherslu á náttúruna, öryggi, lífsgæði, stuttar vegalengdir, öflugt samfélag og þau tækifæri sem felast í því að búa á Vestfjörðum. Nokkrir nefna einnig að fegra þurfi þéttbýlið, bæta ásýnd byggðakjarnanna og taka vel á móti nýjum íbúum með markvissri móttöku og stuðningi.

Heildarmyndin er sú að íbúar telja að samspil fjölbreyttra atvinnutækifæra, aukins húsnæðisframboðs, sterkra innviða og kynningar á lífsgæðum og sérstöðu Vesturbyggðar sé lykillinn að því að laða að fleiri íbúa og styrkja sveitarfélagið til framtíðar.

Umræður úr netkönnun

Hér eru dregnir saman hagnýtir punktar úr niðurstöðunum netkönnunar:

1. **Ánægja með búsetu byggir ekki aðeins á þjónustustigi heldur einnig félagslegum þáttum**

   Þó flestir þátttakendur hafi **talið gott að búa í Vesturbyggð** endurspeglaðist sú afstaða ekki í mati á stöðu einstakra málaflokka. Það bendir til þess að jákvæð heildarupplifun á búsetu í Vesturbyggð byggist ekki eingöngu á þjónustustigi eða gæðum þjónustu heldur ýmsum félagslegum þáttum sem komu vel út úr könnuninni (t.d. tilfinningaleg tenging við samfélagið og ánægja með náttúru svæðisins). Það verður því að huga að þeim félagslegu þáttum samhliða því að unnið sé að bættri þjónustu og þrýst á ríkið í umbótum á þeim málaflokkum sem heyra undir það, eins og vegakerfið. Afstaða til málaflokka var í flestum tilvikum í meðallagi góð. Þó ber að nefna **mikla óánægju með vegakerfið**. Þar sem sveitarfélagið hefur takmörkuð bein áhrif á vegamál getur verið gagnlegt að nota niðurstöðurnar í samtali við ríkisvaldið um úrbætur. Hlutlausari afstöðu gætti hvað varðar aðra þætti, líkt og þjónustu við eldra fólk, farsímasamband, skipulagsmál og framboð af fjölbreyttri atvinnu.

2. **Ójafnvægi og ólík afstaða milli byggðakjarna**

   Nokkuð ólík afstaða var þó til stöðu málaflokka eftir byggðakjörnum. Til dæmis var nokkuð afgerandi munur á afstöðu þátttakenda til tækifæra til íþrótta- og tómstundaiðkunar, tækifæra til afþreyingar og menningar, þjónustu við eldra fólk og hvort fjölbreytt atvinna sé í boði. Minni ánægja var í Arnarfirði/Bíldudal, Tálknafirði og fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshreppi en á Patreksfirði. **Leitast ætti við að jafna þessi tækifæri eftir fremsta megni** og stuðla þannig að meiri ánægju með stöðu málaflokka þvert á sveitarfélagið. Afstaða til þess hvort **byggðakjarnar hafi jöfn áhrif á stjórn sveitarfélagsins** var einnig mismunandi eftir byggðakjörnum. Á meðan Patreksfirðingar töldu svo vera var afstaðan í öðrum byggðakjörnum frekar á þá leið að svo væri ekki. Þessi tilfinning um ójafnvægi milli byggðakjarna getur grafið undan jákvæðum byggðabrag í nýsameinuðu sveitarfélagi. Mikilvægt er að viðurkenna mismunandi upplifun byggðakjarna og sýna í verki að sjónarmið allra íbúa skipti máli. Hrepparígur var einnig metinn sem nokkuð vandamál þó ekki hafi greinst marktækur munur milli byggðakjarna. Leiðtogar í samfélaginu ættu að hafa þetta í huga og vinna markvisst að því að samstarf milli byggðakjarna miði að því að draga úr þessari tilfinningu. Smærri og staðbundin átaksverkefni geta haft mikil táknræn áhrif.

3. **Óuppfylltar þarfir draga niður samfélagskennd**

   Staða málaflokka endurspeglaðist einnig í niðurstöðum hvað varðar samfélagskennd. Samfélagskennd er sú tilfinning að maður tilheyri samfélaginu, fólk skipti hvert annað og samfélagið máli og að fólk muni fái það sem það þarf í nærumhverfinu. Mælikvarðar samfélagskenndar, þ.e. samfélagsaðild, áhrif á samfélagið og tilfinningaleg tenging við samfélagið skiluðu góðum niðurstöðum en mælikvarðinn **uppfylling þarfa skilaði áberandi lágu meðaltali og dregur þar með samfélagskenndina niður**. Uppfylling þarfa er lykilatriði í byggðafestu og lág einkunn á þessum mælikvarða bendir til þess að margir þurfi að sækja mikilvæga þjónustu út

fyrir sveitarfélagið. Eins og á við um mörg önnur sveitarfélög í dreifðum byggðum er aðgengi að ýmissi þjónustu áskorun. Þótt ekki sé raunhæft að bjóða alla þjónustu á einum stað, er hægt að greina hvaða þarfir skipta íbúa mestu máli, skoða samstarf við nágrannasveitarfélög eða stafrænar lausnir og miðla betur hvaða þjónusta er í boði og hvernig hún er aðgengileg. Í íbúakönnun landshlutanna 2023 kom fram að eftirfarandi fimm þættir af 40 höfðu aukist mest að mikilvægi á S-Vestfjörðum frá könnuninni 2020 og versnað af gæðum og í þessari röð: Þjónusta við innflytjendur, gæði framhaldsskóla, leikskóli og íþróttir og tómstundastarf (Vífill Karlsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir, 2024, bls. 113). Það eitt að fólk upplifi að leitast sé við lausnir getur mögulega styrkt samfélagskenndina. Þessu tengt var það einnig mjög útbreidd skoðun að Vesturbyggð hafi verið skilin eftir af ríkisvaldinu sem setja má í samhengi við skort á uppfyllingu þarfa og óánægju með málaflokka eins og ástand vegakerfisins.

4. **Stolt sem drifkraftur í jákvæðri byggðaþróun**

Nýta má styrkleikann sem felst í því að íbúar séu **stoltir af náttúru og landslagi sveitarfélagsins**. Þá er það einnig jákvætt að íbúar finni fyrir stolti vegna jákvæðra frétta úr sveitarfélaginu og þegar öðrum íbúum vegnar vel og láta á sér bera. Slíkt er ekki sjálfsagt í litlum samfélögum og er það styrkleiki sem nýta má enn frekar t.d. með því að leggja sérstaka áherslu á að senda fréttatilkynningar á fjölmiðla um jákvæðar fréttir úr sveitarfélaginu. **Gera má betur í því að ýta undir stolt af samfélaginu í heild sem og menningararfleifð Vesturbyggðar** en þau atriði skiluðu lægri niðurstöðum en önnur atriði tengt stolti.

5. **Jákvæðni í garð nýs fólks og fyrirtækja er styrkleiki**

Þátttakendur voru mjög jákvæðir í garð **nýrra fyrirtækja og íbúa** sem vilja flytja í sveitarfélagið og getur sú niðurstaða verið notuð í markaðsefni en það getur verið mikill styrkleiki að samfélag sé opið fyrir nýju fólki og nýrri starfsemi. Slík afstaða getur gefið samkeppnisforskot og verið notuð til að laða að bæði nýja íbúa og atvinnustarfsemi.

6. **Samheldni sem nýta má til að koma hlutum í verk**

Félagsleg samheldni, að nánd og traust sé á milli fólks, er grunnur sameiginlegrar sjálfstiltrúar, trúarinnar á getu samfélagsins til að skipuleggja sig og ná settum markmiðum. Niðurstöðurnar má túlka á þá þann veg að **félagsleg samheldni sé metin góð** en niðurstöður fyrir **trú á getu samfélagsins** eru nær hlutlausri afstöðu. Með öðrum orðum, stendur fólk saman en finnst það ekki hafa getu í sama mæli til að takast á við áskoranir. Augljós tækifæri eru til úrbóta því á sama tíma felst styrkleiki í því að meirihluti þátttakenda kvaðst virkur í einhvers konar sjálfboðaliða- eða félagsstarfi. Átaksverkefnum er hægt að hrinda úr vör í samstarfi við félög í héraði og virkja þannig samheldnina til þess að auka trú fólks á styrk og afli samfélagsins. Mikilvægt er að sýna fram á árangur með því að vekja athygli á „litlu sigrunum“.

7. **Fólk í leiðtogahlutverkum nýtur trausts en betur má ef duga skal**

Meira traust en minna ríkir í garð fólks í leiðtogahlutverkum í samfélaginu og er það sterkur

grunnur. Betur má ef duga skal því traust til leiðtoga í samfélaginu er gríðarlega mikilvægt. Bent er á ýmis ráð fyrir stjórnendur sveitarfélaga í handbókinni „Byggðabragur: Verkfærakista ætluð sveitarfélögum“ sem gefin var út af Rannsóknasetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum árið 2024 (Bjarki Þór Grönfeldt og Vífill Karlsson, 2024b). Má þar benda á atriði eins og stefnu og tilgang, mikilvægi virkrar hlustunar stjórnenda og því að leitað sé eftir áliti íbúa og niðurstöður birtar strax. Í íbúakönnun landshlutanna 2023 kom reyndar fram að S-Vestfirðir stóðu sig einna best í almennri spurningu um beint lýðræði (Vífill Karlsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir, 2024, bls. 137).

8. **Lágstemmdara viðhorf meðal karla en kvenna**

Munur greindist á afstöðu kynjanna til nokkurra þátta. Karlar voru síður ánægðir með búsetu í Vesturbyggð en konur, voru minna stoltir af nokkrum þáttum er vörðuðu sveitarfélagið, töldu sig síður hafa tækifæri til að ná árangri í leik og starfi og voru óhamingjusamari. Sérkeyrsla úr gögnum íbúakannana landshlutanna (2016,2020 og 2023) sem Vífill Karlsson hefur unnið að, leiddi í ljós að konur í Vesturbyggð eru engu að síður óánægðari en aðrar konur í landsbyggðunum, og karlarnir miklu óánægðari en karlar annarsstaðar í landsbyggðunum. Þá má einnig nefna að ánægja þeirra mældist lægri á tveimur þáttum samfélagskenndar: samfélagsaðild og áhrif á samfélagið. Til upprifjunar er samfélagsaðild sú tilfinning að maður tilheyri samfélaginu og tengist fólkinu í því persónulega. Áhrif á samfélagið er sú tilfinning að maður skipti máli í samfélaginu, geti haft áhrif á það og einnig að samfélagið skipti meðlimi þess máli. Út frá þeim gögnum sem hér eru til skoðunar er ekki hægt að fullyrða um hvað valdi eða hvort þetta sama mynstur fyrirfinnist í sambærilegum samfélögum. Ástæða er til þess að halda áfram að fylgjast með hvort sama mynstur birtist í þeim íbúakönnunum sem framkvæmdar verða á næstu árum.

Rýnihópar

Hér á eftir er ítarlegri samantekt á niðurstöðum rýnihópaviðtala þar sem sjá má umræðu í hverjum hóp fyrir sig. Þátttakendur voru á öllum aldri og kynjahlutfall var nokkuð jafnt á milli karla og kvenna. Tveir erlendir íbúar tóku þátt og nokkuð góð dreifing á milli uppalinna íbúa og aðfluttra.

Rýnihópur: Fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshreppur

Samfélagsbreytingar og skólamál

Íbúar sem rætt var við voru bara nokkuð sáttir með lífið og tilveruna. Þau sögðu að heilt yfir væri enn þessi gamli sveita andi, allir standa saman ef á reynir, eins og einn þátttakandi orðaði það: "***þegar þarf þá grípum við hvort annað*".** Þau voru sammála um að miklar samfélagslegar breytingar hafi átt sér stað undanfarna áratugi, þar sem bæði hefur orðið fólksfækkun sem og mikil fækkun starfa í landbúnaði. Bændurnir sem fyrir eru, eru að eldast og lítil endurnýjun á sér stað, þar sem jarðir eru líka seldar til ábúðar án landbúnaðar, sem og yngra fólk sem tekur við jörðum og stundar aðra atvinnu s.s. ferðaþjónustu. Þau segja að það komi stundum fyrir að núningur verði á milli landeigenda sem koma nýir inn og eru ekki til í að ganga inn í það fyrirkomulag sem alltaf hefur gilt, s.s. lausagöngu búfjár. **Landbúnaður hefur látið mikið á sjá**, þar sem kúabú eru orðin mjög fá eftir, sem og mikil fækkun sauðfjárbænda. Þannig þyngist róðurinn fyrir þá sem eftir eru, smölun er flóknari því afréttin skreppur ekki saman þó bændum fækki. Unga fólkið sinnir öðrum störfum meðfram, þó sum þeirra kjósi sem betur fer að búa í sveitinni. „*Það er líka bara meira að gera hjá flestöllum, boltarnir eru jafn margir en færri til að grípa þá*" segir einn viðmælandi og telur fleiri miðla, tækni og betri samgöngur gera það að verkum að fólk hittist minna og hafi einhvern veginn endalaust nóg að gera. Þau eru ekki undanskilin lífsgæðakapphlaupinu, „*vinna vinna vinna og fara svo á tene*".

Þau segja samsetningu íbúa hafa breyst, samfélagið eldist hægt og bítandi, þar sem nýir íbúar eru ekki endilega barnafólk. Þá eru skiptar skoðanir um skólamál, en **það situr fast í mörgum íbúum að skólanum hafi verið lokað**. Þátttakendur ræddu þetta mikið, þar sem flestir voru á þeirri skoðun að það væri allavega reynandi að hafa leikskólastig og yngsta stig í grunnskóla, þar sem eldri börn færu til Patrekfjarðar og fengju fjölbreyttari félagssamveru. Í dag eru öll börn keyrð til Patreksfjarðar og m.a. um hættulegan veg sem skilur byggðarlögin að. Það kallar oft fram óþægilegar tilfinningar eins og einn ungur þátttakandi sagði: „*alltaf með sting í magann, eins og núna, oft búin að vera snjóflóðahætta... auk þess sem dagarnir eru langir og þau sofna stundum í bílnum á heimleið sem kallar á stuð þann daginn".* Með skólanum hvarf líka ákveðið félagslíf, sem oft vill verða í kringum skemmtanir og uppbrotsdaga í skólastarfinu. Þau segja að kvenfélagið reyni vissulega að hafa eitthvað, en fólk hittist almennt minna, sem sé líka að einhverju leyti samfélagsbreyting með „*símum og Netflix*".

Þjónusta sveitarfélagsins og vald íbúa

Nokkur umræða var um eldri borgara og í því sambandi finnst fólki sveitarfélagið þurfa að gera betur. Engar almenningssamgöngur séu í boði fyrir fólk sem ekki getur leitað til náinna ættingja, séu þau ófær

um að keyra. **Það þurfi líka að vera vakandi fyrir einmanaleika** og gætir í því samhengi nokkurrar óánægju með að ekki sé sambærilegur fjöldi samverustunda í boði fyrir eldri borgara starfið þar eins og í hinum byggðasvæðum sveitarfélagsins. Þessar samverustundir séu mikilvægar og ættu að vera opnar öllum, hvort sem fólk er aldrað, einmana eða í veikindaleyfi eða foreldraorlofi.
Nokkur **ánægja var með fyrirkomulagið með heimastjórnir** þó það ætti eftir að koma reynsla á það. Þó kom upp umræða um hvaða vald slíkar heimastjórnir hafa til að sýsla með raunveruleg málefni, líka að fólk þyrfti að kynna sér hvernig aðgengi að þeim væri. Þau voru sammála um að heimastjórnir ættu að hafa meira vald til hlutast til um ákveðin málefni, s.s. þjónustu við íbúa og hver þörfin væri. Þau sögðu vonlítið að ætla að heimastjórnir hefðu eitthvað með stærri mál að gera svo sem skólamál en það mætti skoða það vel. Einn þátttakandi sagði að íbúar þyrfti kannski sjálfir að vera duglegri við að koma málefnum að en *"ekki bara sitja og rífast við kaffibrúsann".* Þá fannst þeim almennt sem þau fengju ekki endilega endurspeglað í þjónstu frá sveitarfélaginu það sem íbúar legðu til í samreksturinn, að svæðið mæti í raun oft afgangi. En auðvitað væri líka stoðþjónsta og fleira slíkt í boði sem ekki væri alltaf gott að sjá eða henda reiður á hvað kostaði.

Þau sögðu **sorphirðu almennt góða** en það vantaði upp á með úrgang dýrahræja, sem heilbirðgiseftirlit gerði reglulega athugasemdir við. Flestir urða hræin en fá svo athugasemdir vegna þess. Umræður fóru vítt og breytt og voru samgöngur nokkuð ræddar. Þau sögðu miklar breytingar vera jákvæðar undanfarið eftir langþráðar samgöngubætur. Þar væri bæði betri tenging með vegabótum á leiðinni inn á Vesturland, með mikilli styttingu á samgöngutíma til höfuðborgarinnar. Það væri þó einnig **mikill munur á sókn til Ísafjarðar**, þar sem betri vegir og göng hefðu mikið að segja, þar væri bæði sókn í þjónustu en einnig fyrir unglinga að stunda nám við Menntaskólann sem hefði ekki verið mikil á meðan vegir voru mestmegnis lokaðir yfir vetrartímann. Þau sögðu að þarna mætti líka bæta við vetrarþjónustu um helgar, þar sem umferð hefði aukist mikið í báðar áttir.
Samgöngumál bar, eins og áður segir, nokkuð á góma og sögðu íbúar að sveitarfélagið mætti leggja meiri áherslu á samgöngubætur um Kleifaheiði, þar sem vegurinn væri hættulegur og skólabörn á ferðinni þar daglega.

Neikvæð umfjöllun um svæðið

Íbúar á svæðinu upplifa umfjöllun í stærri fjölmiðlum mjög neikvæða. Það væri birt ein og ein skoðanagrein, líkt og bæjarstjórinn hefði gert nýlega en það mætti sín lítils. „**Það er ekkert gaman að heyra þetta alltaf, umtalið endalaust".** Þau sögðu þó gott að umræðan ætti sér stað og vonuðust til að það yrði til þess að koma betri umgjörð á þetta allt, að þessi fyrirtæki færu að vanda sig betur. Þau ræddu ýmsar hliðar á laxeldinu og umstanginu þar í kring. Þau töldu afar neikvætt að sveitarfélagið hefði ekki meira að segja um þessi mál, að þetta væri allt ákveðið af ríkisvaldinu. Þar var til dæmis nefnt að í upphafi hefði verið talað um að hvíla firðina til skiptis en það hefði ekki verið gert, þarna skorti framtíðarsýn og meira vald heim í hérað. Þessi fyrirtæki væru *„auðvitað bara í bisness*" og það þyrfti alltaf vald og þor til að standa á móti svoleiðis, þegar framtíð og atvinna svæðisins eru mögulega í húfi. Það megi ekki bara sætta sig við hvað sem er af ótta við að fyrirtækin fari og fólk missi vinnuna, það þurfi að finna leið til að vinna þetta saman til að skapa atvinnuveg til framtíðar í sátt við íbúa

„Við munum alveg hvernig þetta var áður en laxeldið kom, allt á niðurleið“ segir einn þátttakandi og greinilegt að fólk sér mikinn mun á vexti samfélagsins, eða allavega viðsnúning í fólksfækkun. Þá hefur ungt fólk jafnframt flutt á svæðið sem er jákvætt þótt það mætti vera meira af barnafólki. Þau telja umfjöllunina oft vera afar ósanngjarna þótt þau sjái sjálf ýmsa vankanta við þennan atvinnuveg. Fjöldi fólks hafi beint eða óbeint atvinnu í kringum laxeldið og það hafi haft jákvæð áhrif. Þau telja mikilvægt að breyta lögum um Fiskeldissjóð, svo að sveitarfélagið hafi sjálft eitthvað um það að segja hvað verður um peningana.

Lítill tími og mannafli til nýsköpunar

Nokkuð var rætt um nýsköpun og ný atvinnutækifæri og þar hafa ýmsar hugmyndir verið á lofti en yfirleitt vantar fólki bæði tíma og hendur í það. Allir hafa nóg við að vera og oft með marga hatta í samfélaginu. Þar eru til dæmis fjölmörg tækifæri í ferðaþjónustu, ullarvinnslu ofl. sem mætti nýta betur. Þá væri hægt að nýta tæknina betur til framfara en ekki bara til að sitja yfir Netflix á kvöldin. Þau voru sammála um að andinn í samfélaginu þeirra væri almennt góður þó fólk mætti gjarnan hittast meira í samveru, þar stæði það kannski mest uppá þau sjálf að laga það og blása lífi í spilakvöld eða annað skemmtilegt.

Rýnihópur: Arnarfjörður/Bíldudalur

Samheldni, gleði og söngur

Íbúar á Bíldudal hafa alltaf verið menningarlega sinnaðir þar sem leiklist var í hávegum höfð og samfélaginu almennt lýst sem lifandi með söng og gleði. Hópurinn var sammála um að samfélagið væri gott samfélag í heildina og jákvætt gagnvart nýjum íbúum. „**Hér er einfalt að umgangast fólk**“ og er svona „**þorpið sem elur upp börnin**“. Þau voru þó sammála því að samfélagið hefði breyst og nokkur umræða um hvort það væri vaktafyrirkomulag í kalkinu sem hefði þar áhrif eða hreinlega tæknibreytingar, Netflix og sú fækkun sem varð í samfélaginu eftir að breytingar urðu í sjávarútvegi í tengslum við kvótakerfið. Nokkrir mundu þennan tíma, þegar það fækkaði svo mikið „ að það lá við að þorpið legðist í eyði“ og því kærkomið að upplifa þá uppsveiflu sem núna er, trygg atvinna, ungt fólk og uppbygging. Þessar breytingar gerðu það allavega að verkum að það er öðruvísi taktur í samfélaginu, þó félagslíf hafi alltaf verið rótgróið og íbúar söngelskir. Þá væru eldri borgarar duglegir að hittast og þar væri góður og samheldinn hópur.
Þau sögðu að það væri alltaf nóg að gera, eitthvað um að vera og öllum velkomið að taka þátt. Fólk væri **duglegt að finna upp á einhverju sjálft þó tæknin væri vissulega samkeppni**. Þá væru brottfluttir íbúar oft duglegir að styðja við og taka þátt, með drifkraft til að bæta samfélagið þótt sumar skoðanir á breytingum heimafyrir, væru ekki alltaf vel þegnar. Þar væri stundum smá nostalgía og fólk vildi halda í staðinn eins og hann var, en svo væru íbúarnir á staðnum, sem sjá að það þarf framkvæmdir og breytingar til að staðurinn þrífist.

Valdsvið sveitarfélagsins og samfélagsumræða

Þau voru almennt frekar jákvæð gagnvart sveitarfélaginu og töldu að heimastjórnir væru mjög gott fyrirkomulag, þó meiri reynsla ætti eftir að koma á það. Rætt var um að þannig væri greiðari leið að borðinu, ef heimastjórn gæti tekið málefni fyrir og farið með það áfram. Það væri betri farvegur, ***„málin kæmust þá kannski frekar inn í umræðuna“*** og hægt að taka ákvörðun. Þau sögðust ekki hafa tekið eftir einhverjum sérstökum breytingum í kjölfar sameiningar 2024 en töldu það þó jákvætt í þá átt að þá yrði meiri dreifing valds og vonandi meira jafnvægi. Mikil ánægja var með að fá nýjan skóla en hann var opnaður á vordögum stuttu eftir að rýnihópaviðtöl voru tekin. Þau sögðust stundum upplifa hálfgert áhugaleysi, frá sveitarstórn á því sem væri að gerast eða þyrfti að gerast þarna „hinu megin“ en þetta væri auðvitað eitthvað sem fjölkjarna sveitarfélög væru alltaf að glíma við.
Þau töldu að almennt væri neikvæðni og slúður ekki vandamál, það væri meira gamansögur og svona skemmtilegar frásagnir en ekki rætni eða illgirni. Auðvitað væru sögur stundum ýktar en ekki viljandi. Það væri ekki mikil umræða um kjörna fulltrúa og þá kannski frekar farið í boltann en ekki manninn. Það væri eðlilegt að vera ekki sammála öllu sem sveitarfélagið tæki ákvarðanir um. Oft væri málefnið þá bara *„tekið á blótinu og málið leyst þar“.*
Þau sögðust ekki mikið verða vör við leiðindi á samfélagsmiðlum eða í Facebook hópum, auðvitað væri alltaf eitthvað en það væru þá nokkrar athugasemdir en ekki þrálátar umræður, fólk gerði sér almennt grein fyrir því að það væri ekki vettvangurinn til að fá málefnum breytt. Þeirra facebook hópur væri frekar „booring“ að þessu leyti, verið að auglýsa eftir fari eða einhverju að láni, færð á Hálfdán eða eitthvað slíkt.

Það þarf að vinna í ímyndinni

Þau sögðu að eflaust mætti gera betur til að aðlaga erlenda íbúa. Það væru auðvitað sumir sem stoppa stutt og ætla sér ekki að vera, en kannski myndi fólk vera áfram ef það væri meira í boði eða betur kynnt, þannig að þau myndu blandast samfélaginu betur. Mörg þeirra væru ekki að sækja stærri viðburði, enda tungumálið kannski áskorun á hefðbundum íslenskum viðburðum eins og þorrablótinu. Þá væru auðvitað margir í vaktavinnu sem ekki hentaði alltaf upp á sókn í viðburði í samfélaginu, það væri erfitt taka tillit til slíks fyrirkomulags. Þá væru líka ekki allir starfsmenn sem væru að vinna í kringum laxinn búsettir á staðnum, enda væri þetta orðið eitt atvinnusvæði og fólk býr og starfar um allt sveitarfélagið. Þau ræddu að eflaust mætti skapa fleiri tækifæri til að ná þeim betur inn í samfélagið, hvort sem það væru fjölmenningar viðburðir eða annað, þar sem flest þeirra væru ekki með börn í skólanum og því ekki í tengslum við starfsfólk eða foreldra skólans.

Nokkur umræða var um þá ímynd sem sýnd er af staðnum út á við. Þau upplifa mikla neikvæðni í umræðu um laxinn og að fólk telji að verið sé að eyðileggja fjörðinn, sé hálf hissa að komast að því að þarna sé ennþá blómstrandi æðarvarp og selir í fjörunni. Þau segja að það séu auðvitað ólíkarskoðanir á ýmsum hliðum þessa iðnaðar, en þær þá bara ræddar og fólk fái alveg svigrúm til að hafa sínar skoðanir. Þau segja að íbúarnir sjálfir standi saman, það sé almennt samstaða á Vestfjörðum um að þessi iðnaður hafi algjörlega snúið öllu á betri veg. Honum hefur fylgt ýmis þjónusta, afleidd störf og til dæmis er mikill

lúxus að hafa opinn veitingastað allan ársins hring, sem væri ekki mögulegt án erlenda vinnuaflsins bæði í tengslum við kalkið og laxeldið.

Sú niðursveifla sem varð á sínum tíma hafi kallað fram samstöðu íbúa. Það þurfti að finna eitthvað nýtt og „***við fengum allavega ekki olíuhreinsunarstöð*“** en það var ein af þeim hugmyndum sem hafi verið uppi. Þau sögðu að laxeldið væri partur af sjálfsbjargarviðleitni, að frumkvæðið hafi komið frá heimamönnum af því að það þurfti bara að gera eitthvað. Það þurfi þó markvisst að vinna gegn þeirri ímynd að þau séu bara laxeldisþorp, það sé svo margt annað þarna og endalaus tækifæri. „***Við þurfum að einbeita okkur meira að því að við erum barnvænt samfélag***“, það megi gera meira fyrir íþróttastarf, bæta aðstöðu og fleira sem sveitarfélagið gæti mögulega unnið í samstarfi við fyrirtæki á staðnum.

Þau telja að markaðssetningin þurfi líka að koma frá heimafólki, það komi til með að smitas út frá sér en jafnframt þurfi að vinna í kynningarmálum. Nokkur umræða var um hvort hreinlega þyrfti að fá manneskju í starfið, að bæta ímyndina, **koma upp nýjum fókuspunkti** og sýna að samfélagið sé svo miklu meira en bara lax. Það þurfi að mynda stefnu og fylgja eftir, markaðssetja eitthvað eins og fjallahjólamennsku, koma af stað kajakleigu, og nýta tækifærin sem eru til staðar.Þannig mætti sækja meira í íslenska ferðamenn, sýna þeim þessi blómstrandi samfélög og bæta ímyndina hægt en örugglega. Auðvitað þarf jafnframt meiri fjölbreytni í atvinnlífinu og frumkvæði einstaklinga er afar mikilvægt.

Einn vettvang fyrir upplýsingar

Fólk sagði það heppilegra ef hægt væri að deila upplýsingum og leita á einum stað, einni vefsíðu, einum vettvangi en að fólk þyrfti auðvitað að bera sig eftir björginni, t.d. að setja Vesturbyggðarsíðuna í sitt daglega netskroll. Það væri líka mikilvægt að segja frá því jákvæða sem er að gerast, á lifandi hátt. Rætt var um að íbúarnir þyrftu sjálfir að vera duglegri að koma hlutum á framfæri, senda á BB til að styrkja ímyndina. Það væri ekki hægt að treysta á aðra, á meðan heildarmyndin væri neikvæð og landsdekkandi fjölmiðlar á landsvísu hafi ekki áhuga á neinu nema því sem er neikvætt í kringum laxeldið. Þarna þyrfti sveitarfélagið að taka slaginn, þó það heyrist vissulega í þeim og margt gert ágætlega þá er þetta stærra verkefni en svo að íbúarnir geti leyst það sjálfir. Þetta er bara „**verkefni sem þarf að vinna, langtímaverkefni“** þannig að ímyndin sé ekki alltaf bara neikvæð umfjöllun um vegamál og laxeldi.

Þau segjast upplifa það sem svo að fólk taki afstöðu án nægilegrar þekkingar um raunverulega stöðu laxeldis, að það sé afar einhliða áróður, **þar sem fagmenn fái ekki pláss við umræðuborðið** heldur eingöngu náttúruverndarsinnar sem hafi afar bjagaða mynd af aðstæðum. Þar skorti að blaðamenn spyrji á móti og almennt gæti hlutleysis. Þá hafi til dæmis ekki einn blaðamaður mætt þegar bjöllunni var hringt á höfninni þegar Arnarlax fór á hlutabréfamarkað. Þá er það ekki einu sinni til umræðu að Bíldudalshöfn er ein stærsta útflutningshöfn á landinu, sem skilar gríðarlegum hagnaði í þjóðarbúið. Það er ekki mikið rætt um hversu mörgum milljörðum starfsemi við höfnina skilar í kassann. Íbúar telja að vissulega megi **fyrirtækin sjálf líka vera duglegri að vinna í jákvæðri umfjöllun**, fá heimamenn með sér og til dæmis kynna þau málefni sem þau væru að styrkja, bæði í heimabyggð og útávið.

Samfélag fyrir alla

Rýnihópurinn var sammála því að samfélagið væri umburðarlynt. Þar gilti einu hvort fólk væri af öðru þjóðerni, eða þegar talið barst að jafnréttismálum kynjanna og fjölbreytileika. Þau sögðu litla sem enga umræðu vera til dæmis um samkynhneigð, það heyrði sögunni til og fólk væri bara eins og það er. Þá voru þau einnig mjög jákvæð gagnvart ungu kynslóðinni sem þau töldu vera umburðarlynda, enda hefði samfélagið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa góða og menntaða kennara áratugum saman. Þar væri festa og jafnvægi í skólastarfinu sem skipti miklu máli.

Rýnihópur: Patreksfjörður

Einfalt líf í samheldnu samfélagi

Þátttakendur á Patreksfirði voru sammála um að þau byggju í góðu samfélagi, að þetta væri **þægilegt samfélag** þar sem væri lítið stress. Einn orðaði það svo að fjölskyldan hefði sóst eftir rólegra og einfaldara lífi fyrir börnin sín. Þá töldu þau einnig að samfélagið væri samheldið og stæði saman að flestum hlutum svipað og á öðrum minni stöðum, staður þar sem allir þekkja alla og ekkert mál þó þú gleymir að læsa. Þau ræddu þónokkuð um að samfélagslega ábyrgðin væri mikil og væri sífellt meira að falla á færri hendur þar sem erfitt væri að virkja fólk. Þar væru yngri foreldrar oft meira meðvitaðir um að passa upp á sinn tíma, sem væri vel, en á móti þarf einhver að halda úti íþróttastarfi fyrir börnin. Það gerist ekki af sjálfu sér en væri að verða ansi þungur róður þegar enginn tæki við þeim boltum. **Fólk sé almennt mjög upptekið og oft með marga hatta**, en betra væri ef fleiri taka þátt til að dreifa ábyrgð og álagi. Einn viðmælandi sagðist hafa upplifað það sem svo að það gæti verið erfitt að komast inn, vinahópar væru svolítið lokaðir þar sem fólk tilheyrði ekki alveg ef þau eru ekki í ákveðnu boxi.

Þau sögðu að flestir hefðu verið mjög jákvæðir fyrir síðustu sameiningu og þeirri staðreynd að sveitarfélagið væri orðið eitt atvinnusvæði. Þó væru áskoranir í fjallvegunum á milli svæða og þetta yrði aldrei alveg ein heild á meðan þeir væru hindrun. Til dæmis væri sókn í íþróttir og frístundir oft að mæta afgangi, fólk væri til í að leggjaá sig ferðir yfir vegna vinnu en hitt væri frekar eitthvað sem fólk hikaði við. Hins vegar eru þetta **miklar framfarir í samgöngum**, þá sérstaklega með auknum snjómokstri. Á góðum vetrum væri hægt að treysta á það flestalla daga að komast yfir. Veður væru þó stundum að þvælast fyrir en það væri bara Ísland, því yrði ekki breytt. „Það á að vera þannig að það sé ófært nokkra daga á ári“.

Heimastjórnir og áhrif sveitarfélagsins

Margir sögðust stundum upplifa kergju frá hinum byggðakjörnunum en töldu það einhvern veginn fylgja og vera svipað og heyrðist út í stærri byggðarlög s.s. Ísafjörð, eða þar sem fjölkjarna sveitarfélög væru annar vegar. Í heildina sögðu þau þó að þetta væru jákvæðar framfarir, að **svæðið væri sterkara sem stærra sveitarfélag**. Rígur á milli svæða væri liðin tíð, en einn sagði glettnislega að það yrði þó auðvitað samt að halda sínu stolti, hafa einhvern smá ríg og leggja metnað í það.
Þau sögðust ekki vita mikið um heimastjórnirnar, enda væri það fyrirkomulag ekki komið langt á veg. Það sæjust stundum punktar og ábendingar en **vantaði kannski skýrari upplýsingar um boðleiðir** og þeirra

valdsvið. Það væri ekki boðið upp á sér tölvupóstföng á þau og kannski ekki alveg besta leiðin að stökkva bara á fólk úti í búð, þó einhverjir gerðu það eflaust. Það væri ekki nóg að vita hvernig þau borða skúffukökuna uppi í ráðhúsi, það þurfi líka að vita hvernig þau vinna. Þá var nokkur umræða um stjórnsýsluna almennt, sem væri orðin flókin með mikla yfirbyggingu miðað við svo lítið sveitarfélag. Mál væru að tefjast lengi og bíða svara, einn samstarfssamningur gæti tekið óratíma í meðförum. Þá væru byggingar- og skipulagsferli oft afar hægt í vinnslu vegna flækjustigs. Einn viðmælandi sagði að það væri þreytandi að „puða út póstum á alla til að reyna að hitta á réttan aðila og skapa þrýsting“ en stundum virtist ekki vera önnur leið í boði.

Formlegar og óformlegar upplýsingaleiðir

Nokkuð var rætt um upplýsingar sem á milli flæða í samfélaginu, sumar minna skemmtilegar eins og slúður. Þau höfðu ólíkar skoðanir á því hvort slúður væri almennt vandamál í samfélaginu, en töldu það aðallega leiðigjarnt þegar fólk færi þá leið að vaða í athugasemdakerfið í íbúahópunum. Þetta væri þó vissulega eitthvað sem mætti alltaf reyna að laga og ná upp meiri jákvæðni. Auðvitað er gott að hafa eitthvað til að tala um með kaffinu annað en Trump og verðbólguna, en eins og einn orðaði það ***„lítil samfélög eru rík af umhyggju en geta líka verið grimm“*** og vísaði þar til sleggjudóma og slúðurs. Þau sögðu þó að uppnefni væru hverfandi og almennt hefði mikið lagast hvað fólk væri mikið með nefið ofan í hvers manns koppi. Það væri auðvitað hægt að hafa gaman af ýmsu, fasteignaslúður væri mjög algengt og einn sagðist bara vera ánægður þegar hann heyrði eitthvað um sjálfan sig, hann væri þá ekki gleymdur í samfélaginu.

Þau töldu **íbúahópa almennt gagnlega** og í flestum tilfellum jákvæða. Eitt og eitt mál með neikvæðni en ekkert sem væri sligandi, fólk gæti þá bara hætt að skoða. Þarna eru auglýstir viðburðir og mjög jákvætt að fá líka upplýsingar um það sem er að gerast á Tálknafirði og Bíldudal. Nokkur umræða var um upplýsingaóreiðu, þar sem margir foreldrahópar væru í gangi, mörg félagasamtök og allir með sömu upplýsingar, alltaf sömu skilaboðin. Þá væri hætta á að mikilvægar upplýsingar týndust s.s. ef loka á fyrir vatnið. Einn nefndi þó að mögulega þyrfti að nýta sér betur einfalda tækni svo sem fjölda sms fyrir svoleiðis upplýsingar, það væri orðið mun aðgengilegra. Þar með væri líka leyst ákveðið vandamál með eldra fólk sem væri ekki á samfélagsmiðlum. Einnig voru nokkrar umræður um heimasíðu sveitarfélagsins, að þar sem vantaði betri upplýsingar t.d. um skólana. Þá væri nýtt hönnunarútlit afar flott en mjög þreytandi til lengdar, „ef verið er að tala um bryggjuna, settu mynd af bryggjunni.“

Samgöngurnar samofnar okkur

Hópurinn var í heild ánægður með langþráðar samgöngubætur, bæði innan Vestfjarða á milli fjarða, en einnig að fá malbik og góða vegi til að komast bæði til Reykjavíkur og Akureyrar. Þau sögðu þetta oft þrálátt umræðuefni þegar þau hitta fólk annarsstaðar, það er svo rosalega langt til Patreksfjarðar, þar sem fólk miklar vegina fyrir sér, en er svo kannski jafn lengi að keyra á milli Reykjavíkur og Akureyrar. „Við erum ekki bara vondir vegir... og vont veður“ en þetta er það sem fólk heyrir og neikvæðar fréttir um laxinn segir einn og taldi afar mikilvægt að þessi umræða fari að snúast. Aðrir tóku undir það og

sögðu þetta vera orðið svo innprentað í þjóðarsálina að Vestfirðir væru bara vondir vegir. Samgöngur væru vissulega alltaf hluti af þeim og það þyrfti að berjast áfram fyrir bættum samgöngum en vonandi tilheyrði það brátt fortíðinni, að þurfa alltaf að hugsa um ástand vega og samgangna ef ferðast ætti um Vestfirðina.

Jákvæð uppsveifla en breytt íbúasamsetning

Þau sögðust öll upplifa afar jákvæðar samfélagslegar breytingar sem orðið hafa undanfarin ár með styrkari stoðum atvinnulífins. Í raun voru nokkrir í hópnum sem sögðust líklega ekki vera þarna ef ekki væri fyrir laxinn og þau afleiddu störf sem laxeldinu fylgja, þar af einn með fyrirtæki og starfsmenn, en hans starfsemi myndi flokkast sem tengd störf eða afleidd af þeim iðnaði. Þessu starfsfólki fylgja börn sem fylgja inn í skólana og fleira sem allt teljist til. Þá sé vissulega breyting frá því sem áður var, þar sem fleiri erlendir íbúar séu núna á staðnum, sem aðlagist mismunandi vel. **Þar sé tungumálið oft mesta áskorunin**, en ekki endilega skortur á kennslunni heldur sé um að ræða fólk sem ætlar að stoppa stutt en vaknar upp eftir tíu ár og kann ekki tungumálið en eru orðin fastsett. Við slíktar aðstæður er hægt að hugsa sér ýmsar leiðir til úrbóta, svo sem að félagasamtök bjóði betri fræðslu og kynningar. Það mætti kannski setja saman mótttökupakka fyrir nýja íbúa, íslenska sem erlenda, þar sem félagasamtök eru kynnt, nokkrir tímar í sund og rækt, ofl. sem býður fólk velkomið. Margt megi betur fara, t.d. er bókasafnið lítið eða illa merkt, svo aðeins heimamenn vita hvar það er. Hvernig á að fara í slökkviliðið, „***talaðu bara við Davíð“,*** þarna voru þau sammála um að bæta mætti úr með betri upplýsingum eða móttökuáætlun. Það að auki væri víða hægt að kaupa beint frá býli en aðeins heimamenn vissu um það.

Einn þátttakandi af erlendum uppruna sagði það vera svolítið erfitt og flókið að komast inn í allskonar skipulagsatriði, skilja allar tengingar í samfélaginu, formlegar sem óformlegar, stundum þyrfti eiginlega að „ýta sér inn á olboganum“ þar sem flestar upplýsingar væru bara á íslensku. Viðkomandi taldi samfélagið alltof mikið treysta á að vera bara með íslenskan maka og „þetta reddast“ viðhorf Íslendinga. Stjórnsýslan þyrfti að vera aðgengilegri fyrir alla. Þá hefði einnig komið sér á óvart hvað félagasamtök og afþreying væru kynjaskipt, það væri eiginlega bara björgunarsveitin sem hægt væri að gera saman, annars væri það frekar skipt. Þau töldu samt almennt að jafnrétti væri nokkuð gott í samfélaginu og ekki mjög kynjaskipt. Þá var nokkur umræða um að störfin á sjó sem tilheyra laxeldinu væru fórnarlömb gamallar mýtu um að öll störf á sjó væru „karlastörf“. „Við þurfum að hætta að tala þannig, alltof innprentað í okkur“ segir einn þátttakandi, að fara á þjónustubát sé allt annað en að renna línu, enda sé það ekkert bara karlastarf hvort sem er. Þarna vanti betri kynningu og hvatningu fyrir konur.

Ímynd svæðisins

Sú jákvæða uppsveifla sem þau upplifa af laxeldinu litast þó af neikvæðri umræðu á landsvísu, um það voru þau sammála og töldu hreinlega vanta upplýsingafulltrúa á móti þessum peningaöflum sem væru að kynda undir neikvæða umræðu. Einn þátttakandi orðaði það svo að það þyrfti „***kannski bara einhvern sem bendir á að við séum ekki eitthvað að menga heiminn með sprungið dekk á ónýtum vegum, þannig er svolítið stemningin á Kaffibarnum„.*** Þau segja að fólk hrylli sig enn við minningar um umræður

um olíuhreinsunarstöð, einn bendir á að það sé ekki hægt að bera þessa tíma saman „*Það var allt komið í rauð viðvörunarljós þegar þetta mætti*“, nú sé ungt fólk að koma heim og hnignun snúið við. Það hafi verið afar erfitt að upplifa þennan tíma, og þangað vilji þau ekki fara aftur. Þau segja að það megi vissulega margt betur fara, það sé alltaf þannig. En **fyrirtækin starfi jú vissulega bara eftir þeim lagaramma sem er til staðar, sem er óskýr** og ekki tilbúinn fyrir þessar miklu breytingar. Þar þurfi löggjafinn að standa sig og vonir standa til að nýtt frumvarp komi þar inn að einhverju leyti. Þá séu starfsmenn sjálfir einnig duglegir að benda á það sem betur má fara, til dæmis hvað varðar umgengni og fleira, en allt sem miður fer fær mikla neikvæða athygli vegna umsvifanna. Þá mætti líka hafa eftirlitsmenn að störfum á staðnum, þar væru störf sem væri stýrt frá Reykjavík, en myndi kannski skapa meiri sátt um iðnaðinn og betri upplýsingar. Þar gætu stjórnvöld til dæmis bætt sig umtalsvert.

Þau segja að það myndi mögulega hjálpa ef það væri **betur kynnt hvað fyrirtækin eru að styrkja af samfélagsverkefnum til að skapa meiri jákvæðni**. Þá þurfi fyrirtækin í þessum iðnaði einnig alltaf að skoða hvað má gera betur í að styrkja í heimabyggð og skapa jákvæðni innanfrá. Þá mætti líka stundum betur „lesa salinn“ en stjórnendur í Noregi eru ekki alltaf alveg tengdir samfélagstaktinum eða umræðunni hér á landi. Þau voru sammála að íbúarnir gætu sjálfir tekið sig á í upplýsingagjöf og dreifingu. BB væri að birta það sem þeim væri sent og stæði sig ágætlega þótt það væri stundum með sérstaka nálgun. Þar væri það þó kannski heimamanna að taka við boltanum og vinna með þeim.

Rýnihópur: Tálknafjörður

Rólegur taktur og samheldið samfélag

Þátttakendur í rýnihóp á Tálknafirði lýstu samfélaginu sem rólegu þar sem auðvelt er að umgangast fólk. Það ráði hver sínum hraða eða félagslegu virkni, það sé hægt að vera inní öllu en líka halda sig til hlés. Þau sögðu engar fastar hefðir fyrir því hvað væri að vera heimamaður ***“ef þú leggur þig fram í samfélaginu, þá er þér tekið”*** sagði einn sem hafði einungis búið þar í nokkur ár og taldi sig Tálknfirðing. Þau sögðu samfélagið aðeins hafa breyst í seinni tíð, þar sem nú væru fleiri erlendir íbúar sem væru mismikið virkir í samfélaginu. Á móti kemur að samgangur milli fjarða er meiri, sem er m.a. tilkominn með betri samgöngum og sameiningu ýmissa þjónustuþátta. Þá er falleg náttúra þeim hugleikin, **að búa í fallegu umhverfi**. Þau segja samfélagið almennt samheldið, það sé veifað úr bílnum og sagt góðan daginn í búðinni. Þó hafi orðið breyting á því, að almennt séu færri börn á staðnum, og börn almennt minna úti að leika sér. Þar ráði tæknin miklu, bæði fyrir börn og fullorðna.

Þau sögðu samfélagið og félagslífið byggt upp á **því að fólk væri alltaf að finna upp á einhverju sjálft**, svo væri misjafnt hvað íbúar eruvirkir að taka þátt. Þau sögðust finna breytingu eftir sameiningu að fólk væri aðeins duglegra frá Patreksfirði að koma yfir þó það mætti alltaf vera meira. Þar væri þó stórmunur á öllu frá því sem áður var, svæðið væri eitt atvinnusvæði og meira flæði á milli á allan hátt, fólk væri almennt meira að umgangast byggðakjarnanna á milli.

Sveitarfélagið nýsameinað

Tálknafjarðarhreppur sameinaðist Vesturbyggð árið 2024 og þau sögðust alveg finna ýmsar breytingar þó fyrsta árið hafi kannski ekki verið mikið að marka. Þeim fannst **stjórnsýslan vera svolítið lengra frá**, allt væri lengra að sækja en það væri meiri friður, það hefði oft gustað meira um samfélagið á meðan það var sjálfstætt sveitarfélag. Þau voru bjartsýn með heimastjórnirnar, þó boðleiðirnar væru ekki alveg skýrar en fannst það góð leið til að hafa áhrif. Þeim fannst hlustað ágætlega á áhersluatriði frá Tálknafirði þó auðvitað væri þetta alltaf keppni um sjóðinn, takmarkað fjármagn og allir vilja sitt.

Þau töldu **samræmingu á þjónustu jákvæða að flestu leyti**, að það væri einn forstöðumaður fyrir allt sveitarfélagið með sömu málefnin en það ætti eftir að slípast betur til næstu árin. Auðvitað séu einhverjir ósáttir ef einhver þjónusta hverfur á brott en það kæmi kannski eitthvað annað á móti sem væri þá eins fyrir alla staðina.

Upplýsingaflæði í samfélaginu

Umræður fóru um víðan völl þegar talið barst að upplýsingagjöf, formlegum sem óformlegum leiðum. Þau voru flest sammála um að slúður væri nokkuð mikið en ekki allt neikvætt, meira væri verið að ræða fólk og atburði. Einn þátttakandi orðaði það svo með samfélagsumræðuna „***já hún er, en bítur misjafnlega, eftir því hvernig hörundið á manni er***“. Þetta væri líka oft einstaklingsbundið, sumir hefðu bara virkilega gaman af því að fá skemmtiatriði um sig á þorrablótinu en aðrir vildu það síður. Þarna væri líka samfélag sem lætur sig aðra varða og það væri partur af samfélagsumræðunni. Uppnefni sögðu þau aldrei hafa verið mikið vandamál, allavega væri það þá hverfandi og ekki niðrandi.

Þau sögðu afar fáar umræður á Tálknafjarðar íbúahóp, nema bara fólk að óska eftir einhverju eða spá í opnun á veitingastað. Það væru fáir að rífa kjaft, stundum eitthvað sem væri þá kannski bara rétt og sannleikurinn væri stundum sár. **Almennt væri góður andi á síðunni**, sama gilti um íbúasíðu Vesturbyggðar, þar væri almennt góð stemming. Þar væri þó svolítið mikið af alls konar upplýsingum og margt sem færi fram hjá fólki, þar sem það væru svo margir hópar og Facebook streymið stundum þakið auglýsingum. Þau ræddu nokkuð um þetta upplýsingaflæði og **að fólk yrði eiginlega bara að sækjast eftir þessu sérstaklega** þar sem svo margt væri birt að það myndaðist ákveðið ónæmi.

Þau höfðu meiri áhyggjur af því að svæðið væri almennt ekki nógu vel kynnt, það þyrfti að gera átak í því bæði fyrir ferðamenn en líka gagnvart fjölmiðlum. Þar væru það helst Landinn og Bændablaðið sem sjá sóma sinn í að veita því athygli að þarna væri eitthvað um að vera, annars væri þetta mest neikvætt. Einn nefndi að það hjálpaði kannski ekki þegar kæmi frétt af staðnum sem næði flugi, þá væri það af því að það vantaði konur fyrir alla einhleypu karlmennina, það væri eiginlega bara neyðarlegt eins og þeir væru eitthvað gallaðir. Það væri margt annað sem mætti fara í fréttir sem sýndi jákvæðari ímynd.

Áskoranir í umræðunni

Þau ræddu nokkuð hvernig umræðan hefur verið um laxeldið og sögðu það erfitt, ekki væri tekið mark á sérfræðingum hvað varðar laxeldið heldur væru þar afar einhliða upplýsingar sem oft lýstu vankunnáttu.

Einn þátttakandi orðaðið það svo að „***fæstir hafi verið æðislega spenntir fyrir að fá laxeldi en fólk vildi fá vinnu, við verðum að fá eitthvað hingað“.*** Þau sjá sjálf ýmislegt sem betur mætti fara en það væri enginn iðnaður skaðlaus. Auðvitað væri þetta svoleiðis að þau ættu ekki að láta allt yfir sig ganga, það þyrfti að ganga vel um firðina og þeirra svæði, en umræðan væri heit kartafla og stöðugleiki í atvinnulífinu skipti mestu máli. Þau sögðu að með þessu fylgdi líka þjónustustig, afleidd störf eins og að hafa opinn veitingastað, vel rekna búð og sundlaug. Þau töldu **að laxeldisfyrirtækin mættu vera duglegri að svara fyrir sig** og vinna gegn neikvæðri umræðu í stað þess að láta heimamenn sitja uppi með það. Einn orðaði það svo að það væri eins og margir vildu hafa Vestfirðina sem þjóðgarð, fínt að kíkja á sumrin, njóta náttúru og fara svo hina ellefu mánuðina og vilja ekkert af þeim vita, nema bara það mætti engu breyta og ekkert gera.

Miklar jákvæðar breytingar undanfarin ár

Þau upplifa **mikinn jákvæðan viðsnúning í byggðaþróun** og atvinnulífi. Því fylgir einnig þjónusta og framkvæmdir, meira malbikað og ýmislegt sem ekki var áður hægt að koma í framkvæmd. Þó væri erfitt fyrir sveitarfélagið að fylgja nauðsynlegri þróun eftir, það væri margt sem þyrfti að framkvæma á hafnarmannvirkjum sem dæmi. Því þarf að breyta einhverju í stjórnsýslunni s.s. með væntanlegum breytingum á fiskeldissjóði, að það væri ákveðið í heimabyggð í hvað peningurinn fer.

Þótt margt jákvætt hafi átt sér stað væri líka margt sem þyrfti að laga og breyta, til dæmis vantaði betri aðstöðu fyrir sjómenn á bryggjunni s.s. salerni. Sama gilti um ferðamenn, oft væri engin slík aðstaða opin nema rétt yfir sumarið. Þau sögðu **að það mætti líka vinna meira að inngildingu til að ná til allra íbúa**, það væri þónokkur vinna og þyrfti kannski aðstoð með það eða einhvers konar áætlun sem gilti fyrir sveitarfélagið. Samfélagið væri upp til hópa umburðarlynt og sumir erlendir íbúar væru að mæta á viðburði, en það þyrfti kannski að ná betur til þeirra , t.d. bjóða erlendu konunum í kvenfélagið og annan félagsskap. Þar þyrfti að passa enn betur upp á að hafa upplýsingar og efni á fleiri tungumálum, auk þess að hvetja erlendu íbúana til að læra íslensku. Þau sögðu að **almennt væri tekið vel á móti fólki** og engin umræða væri um kynhneigð eða slíkt, það væri bara eitthvað sem heyrði sögunni til. Undir þetta tók einn þátttakandi, af erlendu bergi brotinn, sem sagði að sér hefði verið mjög vel tekið í samfélaginu og aðlögun gengi betur með hverju árinu, ekki síst með aukinni íslenskukunnáttu.

Þau voru **ánægð með samgöngubætur á suðurleiðinni** og líka til Ísafjarðar, það væri kannski enn aðeins að síast inn í kollinn að þetta væri í alvöru fært og hægt að sækja sér þjónustu árið um kring til Ísafjarðar. Þau eru engu að síður mjög ánægð með sína verslun, sem þjónusti íbúana vel og vilja versla þar eins og kostur er. Þó var **áhyggjuefni að strætóferðir hætti á milli fjarða**nna og töldu þau það afar mikla skerðingu á þjónustu sem þyrfti að berjast fyrir að Vegagerðin myndi setja á aftur.

Vinnustofa ungmenna

Vinnustofa ungmenna beindi sjónum sínum að byggðabrag, samfélagsumræðum og úrbótum. Verkefnisstjóri var með smá innlegg og fræðslu um hvað það væri að vera íbúi í samfélagi, bæði sem einstaklingur en líka sem íbúi með sameiginlega ábyrgð. Þá var einnig farið svolítið yfir aðdráttarafl svæða, hvað gæti verið togkraftur (e. pull factor) og ýtiafl (e. push factor) í samfélögum. Að það mætti ræða það sem þyrfti að laga, alveg eins og það væri mikilvægt að ræða og muna hvað vel væri gert. Þau voru helst á því að það vantaði fjölbreyttari íþróttir, betri aðstöðu til íþróttaiðkunar, fjölbreyttari atvinnu auk þess var mikill áhugi á að fá KFC. En þau settu líka fram margt jákvætt sem togkraft og nefndu í því samhengi tvo einstaklinga, sem sýnir glöggt hvað hver persóna er mikilvæg og getur smitað út jákvæðni og vellíðan með að búa í samfélaginu. Alveg eins og hvert og eitt þeirra er mikilvægt fyrir samfélagið.

Helstu togkraftar/jákvætt: Góð búð, Bíldudals grænar, flugvöllurinn, fólkið og vinirnir, umhverfið, nýi skólinn, félagsskapurinn, ekkert einelti, Vala í Vesturbyggð, skemmtilegt fólk, Kris á Vegamótum, flestir þekkjast, umhverfið, passað upp á umhverfið, góður stuðningur í samfélaginu, gott félagslíf

Helsta ýtiafl/vantar: vantar meiri íþróttir, fleiri krakka, körfuboltavöll, fótboltavöll, fjölbreytta atvinnu, betra íþróttahús, hætta klíkuskap, ísbúð, skemmtilegra gamalt fólk, of mikið slúður

Það þarf að skapa vellíðan í samfélaginu

Eitt af verkefnunum sem ungmennin fengu var uppsettur listi með 17 atriðum sem fengin eru upp úr fyrri skýrslu RBS um byggðabrag. Þau fengu að gefa nokkrum atriðum 3 stig, nokkrum 2 stig og nokkrum 1 stig eftir mikilvægi. Þeirra röðun var þessi:

1. **Það þarf að skapa vellíðan í samfélaginu**
2. **Það þarf að stuðla að heilbrigðum samskiptamynstrum milli íbúa**
3. **Fólk þarf að finna að það er hluti af heildinni**
4. **Stjórnendur þurfa að taka virkan þátt í samfélaginu**
5. **Betra samband sveitarfélagsins við þarfir og óskir íbúa**
6. Það þarf að fagna mistökunum og læra af þeim
7. Skapa stolt yfir samfélaginu
8. Það þarf að laða að og hvetja barnafólk til að flytja
9. **Ræða ákvarðanir við íbúa og fá endurgjöf**
10. Fagna litlu sigrunum
11. Deila jákvæðum fréttir til skapa stemningu
12. Íbúaviðburðir – opnar skemmtanir fyrir öll
13. Allir þurfa að finna að þeirra framlag sé metið að verðleikum
14. Útlit bæja þarf að vera snyrtilegt og fallegt
15. Markviss uppbygging jákvæðra minninga hjá börnum
16. Stjórnendur þurfa að læra af öðrum sveitarfélögum
17. Íbúar þurfa að þekkja menningu og sögu staðarins

Eins og sjá má eru sex atriði feitletruð en það eru þau atriði sem voru líka á topp 10 lista hjá ungmennum í Þingeyjarsýslum á svipaðri vinnustofu sem haldin var á vordögum 2025. Það er gaman að sjá þann

samanburð og samhljóm sem er með þessum hópum. Þarna mætti leggja meiri vinnu í að styrkja þau sem samfélagsþegna og valdefla þau sem íbúa í samfélaginu Vesturbyggð.
Þau fengu einnig fræðslufyrirlestur um slúður sem félagslegt vald í samfélögum og unnu aðeins með það í hópum. Þau sögðu almennt að þeim fyndist allt of mikið slúðrað í samfélögunum og virtust heyra heima hjá sér ýmsa samfélagslega umræðu sem ekkert endilega á heima í þeirra eyrum. Þau töldu best að reyna að hunsa slúður, bera það ekki áfram og almennt tala fallega um aðra.

Gagnaskimun

Nokkrir þættir voru skoðaðir sérstaklega hvað varðar ímynd sveitarfélagsins Vesturbyggðar og rýma að einhverju leyti við aðrar niðurstöður s.s. úr rýnihópum. Hér ber að hafa í huga að verkefnisstjóri hefur sjálf unnið við upplýsingagjöf á litlu svæði, hefur sinnt ferðamálum sem og að hafa þekkingu á umhverfi fjölmiðla. Þetta var því unnið undir hughrifum af máltækinu „glöggt er gests augað“ en ekki ætlað sem formleg orðræðugreining eða rannsóknaraðferð.


Heimasíða sveitarfélagsins og upplýsingagjöf

Heimasíða Vesturbyggðar er afar faglega framsett þar sem samræmt hönnunarútlit er fallegt, myndrænt og hefur ákveðna ró yfir sér. Það vakti þó athygli að lítið er um ljósmyndir eða myndir aðrar en þessar grafísku myndir. Það sama gildir um facebook síðu sveitarfélagsins. Ef skoðað er lengra aftur í tímann á Facebook má sjá að þar voru mannlífsmyndir sem og ljósmyndir. Einn viðmælandi í rýnihópum kallaði þetta „flatt og eitthvað, og allt eins“, sama hvaða frétt og tilkynning væri, það myndi hætta að grípa augað. Auðvitað eru annmarkar á myndbirtingum, þar sem persónuvernd og annað kemur til sögunnar. Þarna er þó spurning hvort blanda megi saman grafík og ljósmyndum, til að fá örlítið persónulegri blæ á upplýsingar frá sveitarfélaginu. Það má benda á sveitarfélaginu til hróss, að eftir að verkefnisstjóri rannsóknar kynnti frumniðurstöður að þessari greiningu á sameiginlegum starfsdegi Vesturbyggðar 2. mars 2026, að gerð hafði verið bragarbót á því og meiri fjölbreytni í myndbirtingum.

Eins og fram kemur í rýnihópum er einnig ákveðin upplýsingaóreiða í gangi, þar sem margir facebook hópar í gangi, bæði íbúahópar sem og félagasamtök. Þá eru einnig vefsíður þar sem finna má upplýsingar. Þetta er ekki endilega einfalt að leysa, víða eru lítil samfélög að glíma við sama vanda þar sem dreifingu fjölpósts hefur verið hætt. Þarna er þó vissulega sóknarfæri og t.d mætti nota Muggstofu sem miðlæga upplýsingadreifingu eða annan yfirhatt. Þá mætti einnig efla yfirmenn deilda hjá sveitarfélaginu í upplýsingagjöf, þ.e. að senda annað slagið inn fréttaefni á ákveðinn aðila sem myndi sjá um upplýsingamiðlun sveitarfélagsins. Þarna skiptir kannski mestu máli að skapa ekki hreinlega meiri upplýsingaóreiðu, þ.e. ef farið er í að skipuleggja upplýsingagjöf þarf það að vera skýrt hvar verkefnin liggja og hvernig dreifingin er. Þá er einnig mikilvægt að spyrja sig hvert er markmið upplýsingasíðu. Er markmiðið eingöngu að beina upplýsingum að heimamönnum, er ætlunin að lokka að nýja íbúa, eða er markmiðið að vekja upp heimþrá hjá brottfluttum og efla þannig samband þeirra við staðinn?

Myndrænt efni á netinu

Þegar gerð er myndaleit að Vesturbyggð, eða þorpunum sem sveitarfélaginu tilheyra, má sjá mikið af fallegri náttúru, fjöllin, hafið og firðirnir spila þar stærst hlutverk. Skyldi engan undra, þar sem náttúran er einstök og kraftmikil. En það er mannlífið líka. Þar vantar þónokkkuð upp á og mætti vinna á því með markvissari kynningu á mannlífi og huga að orðanotkun við birtingar. Eflaust má fá ráðgjöf hjá sérfræðingum í upplýsingatækni og markaðssetningu, hvernig má betur skipuleggja og stýra leitarorðum, hvað lendir efst í netleit o.s.frv. Þarna skiptir líka máli að hafa markmið. Hvaða skilaboð vill sveitarfélagið senda um svæðið, annað en fallegu náttúruna? Eins og fram kom í rýnihópaviðtölum er nóg að gera í alls kyns félagsstarfi, það eru bæjarhátíðir, félagasamtök, leiklist, bíósýningar, tónleikar, og svo má áfram telja. Þá eru börn og fullorðnir í alls kyns íþróttastarfi og því af nógu að taka í mannlífinu sem mætti sýna frá. Þegar orðið Vesturbyggð fór inní leitarvél var fyrsta mannlífsmyndin mynd nr 79, og var sú mynd ekki af heimasíðu af svæðinu heldur matartengdri síðu sem sýndi frá matreiðslu á bæjarhátíðinni Bíldudals grænum.



Hvað skal segja? Í metnaðarfullri sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 kemur meðal annars fram að fjölgun innflytjenda hafi verið lyftistöng fyrir atvinnulíf og menningu á Vestfjörðum. Þar er einnig fjallað um að nú „sér fyrir endann á löngu tímabili fólksfækkunar, hefur þróuninni víðast verið snúið við og framundan er uppbygging á breyttum forsendum“. Þetta er sannarlega rétt og ánægjulegt að það sjái fyrir endann á þessu tímabili fólksfækkunar. Það má þó ekki sofna á verðinum og vinna þarf markvisst að því að kynna samfélögin, allan þann kraft og mannauð sem þar má finna. En hvað skal segja? Hvað vilja íbúarnir að kynnt sé í þeirra samfélögum? Hvað mun draga að fleiri íbúa eða skapa meiri velsæld í samfélögunum? Er hægt að vinna með tækninni að því að kynna svæðið, laða að því nýja íbúa jafnt sem ferðamenn?

Ef gerð er einföld orðaleit að því sem kallað er á fræðimálinu *rural idyll* og myndi kannski útleggjast á móðurmálinu sem *sveitasæla (*eða einhvers konar aðlöðun að dreifbýlum svæðum) má sjá nokkra þætti efst sem gervigreindin dró saman úr ýmsum áttum. Til samanburðar var gerð orðaleit af algengustu orðum og hugtökum sem komu upp er varðar Vesturbyggð.

Orðaleit sveitasæla (e. rural idyll)		Orðaleit Vesturbyggð	
1.	Náttúra	1.	Vesturbyggð
2.	Landslag	2.	Bíldudalur
3.	Útsýni	3.	Tálknafjörður
4.	Kyrrð	4.	Patreksfjörður
5.	Friður	5.	Vestfirðir
6.	Ró	6.	Arnarfjörður
7.	Friskleiki	7.	Tálkni
8.	Hreinleiki	8.	Patrekur
9.	Loft	9.	Bæjarstjórn
10.	Rými	10.	Sveitarfélag
11.	Opinleiki	11.	Byggðasafn
12.	Líffræðileg fjölbreytni	12.	Hafnarsvæði
13.	Dýralíf	13.	Fiskveiðar
14.	Skógar	14.	Fiskvinnsla
15.	Engi/tún	15.	Sjávarútvegur
16.	Ár	16.	Landbúnaður
17.	Vötn	17.	Ferðaþjónusta
18.	Akrar	18.	Ferðamenn
19.	Landbúnaður	19.	Náttúra
20.	Sveit	20.	Fjöll
21.	Hjarðrænt (pastoral)	21.	Fjörður
22.	Áreiðanleiki / Raunveruleiki	22.	Strönd
23.	Arfleifð	23.	Veður
24.	Hefð	24.	Stormur
25.	Menning	25.	Rigning
26.	Staðbundið	26.	Snjór
27.	Sjálfsmynd	27.	Vetur
28.	Handverk	28.	Sumartími
29.	Einfaldleiki	29.	Vegir
30.	Hægfara lífsstíll	30.	Vestfjarðavegur
31.	Hljóðlát	31.	Dynjandisheiði
32.	Öryggi	32.	Bíldudalsvegur
33.	Samfélag	33.	Tálknafjarðarvegur
34.	Tilheyra	34.	Atvinnulíf
35.	Nágrannakærleikur	35.	Skóli
36.	Gestrisni	36.	Heilsugæsla
37.	Lífsstíll	37.	Íþróttamiðstöð
38.	Vellíðan	38.	Sundlaug
39.	Lífsgæði	39.	Hótel
40.	Heilsa	40.	Gistiheimili
41.	Afþreying	41.	Kaffihús
42.	Gönguferðir	42.	Höfn
43.	Hjólreiðar	43.	Bátur
44.	Veiði	44.	Útgerð
45.	Tjaldsvæði	45.	Fiskmarkaður
46.	Ævintýri/könnun	46.	Kvikmyndir
47.	Flótti	47.	Tónlist
48.	Frelsi	48.	Listamenn
49.	Slökun	49.	Matur
50.	Útsýni (views)	50.	Sjávarfang
51.	Sjónarhorn	51.	Íbúar
52.	Sjóndeildarhringur	52.	Menning

53.	Grænka	53.	Saga
54.	Lífrænt	54.	Minjar
55.	Landbúnaður	55.	Náttúruvernd
56.	Búskapur	56.	Fuglalíf
57.	Uppskera	57.	Selir
58.	Staðbundinn matur	58.	Strandakirkja
59.	Beint frá býli	59.	Húsavík (í Arnarfirði)
60.	Sjálfbærni	60.	Selárdalur
61.	Vistferðamennska	61.	Samgöngur
62.	Umhverfi	62.	Flutningar
63.	Vernd	63.	Efnahagur
64.	Náttúruvernd	64.	Þjóðvegur
65.	Land	65.	Ferðaleiðir
66.	Sveitalíf / Sveitamenning	66.	Vestfirsk tunga
67.	Fjarlægð	67.	Þorp
68.	Einkalíf	68.	Samfélag
69.	Fámenn þéttbýli	69.	Skipulag
70.	Viðráðanleiki (verð)	70.	Verkefni
71.	Húsnæði	71.	Atvinna
72.	Tækifæri	72.	Tækifæri
73.	Frumkvöðlastarf	73.	Störf
74.	Jafnvægi vinnu og einkalífs	74.	Sérstaða
75.	Aðgengi	75.	Saga sjávarútvegs
76.	Hreyfanleiki	76.	Kaupfélag
77.	Hægur lífsstíll	77.	Markaður
78.	Samhljómur	78.	Heilbrigðisþjónusta
79.	Rætur	79.	Félagsþjónusta
80.	Tengsl	80.	Orlof
81.	Fagurt	81.	Útsýni
82.	Heillandi	82.	Gönguleiðir
83.	Myndrænt	83.	Strendur
84.	Áreiðanlegt (authentic)	84.	Kirkja
85.	Sveitalegt	85.	Samkomuhús
86.	Hefðbundið	86.	Menningarviðburðir
87.	Sögulegt	87.	Arnarfjarðarbotn
88.	Náttúrulegt	88.	Vatn
89.	Rósemi	89.	Eldfjallafræði
90.	Opin svæði	90.	Jarðfræði
91.	Víðátta	91.	Hvalasafn
92.	Hreinleiki	92.	Draugasafn
93.	Sjálfbærni	93.	Safnamál
94.	Seigla / Þrautseigja	94.	Verslun
95.	Græn svæði	95.	Slippur
96.	Búsetugæði	96.	Sjómenn
97.	Aðdráttarafl	97.	Strandveiðar
98.	Athvarf	98.	Rækja
99.	Blómaskeið / þrífast vel	99.	Þorskveiðar
		100.	Nýsköpun

Orðaleit sem þessi er aðeins eitt dæmi um það orðaval sem mætti nota til að laða fólk að svæðinu, því sannarlega má finna flest af þessum sveitasælulista í Vesturbyggð.

Fréttaflutningur Ef slegin eru inn leitarorðin Vesturbyggð á helstu veffréttamiðla má sjá eitthvað af fréttum af svæðinu en afskaplega lítið menningar- eða samfélagstengt. Mest fer þar fyrir fréttum af samgöngumálum og fjarskiptum, þar sem vegir, ferjan Baldur og slæmt símasamband eru þrálátt en nauðsynlegt baráttuefni sveitarstjórnarfólks. Þá er einnig nokkuð um fréttir tengdar orkumálum og rafmagni, sem er að sama skapi áskorun á Vestfjörðum. Þegar skoðað var ár aftur í tímann frá júní 2026 til júní 2025 var nokkuð um almennar fréttir svo sem tengt veðri, slys eða uppákomur en einnig fór eitthvað fyrir fréttum af laxeldi. Á tímabilinu var engin slysaslepping eða svoleiðis uppákoma sem oft hefur kallað á afar mikla umfjöllun. Þetta umfjöllunarefni væri áhugavert að skoða sérstaklega og með formlegri fréttagreiningu, hvernig fréttamiðlar tækla þessar fréttir og hvað er tekið fyrir. Það var allavega ekki að finna fréttir um útflutningsverðmæti á laxi eða annað sem gæti flokkast sem mjög jákvætt, en nokkuð var fjallað um launalækkun hjá starfsmönnum í laxeldinu. Þá var helst að finna skoðanagreinar, sem voru jákvæðar og voru um þá uppbyggingu sem þessi atvinnugrein hefur komið af stað á Vestfjörðum.
Það væri áhugaverð tilraun ef markvisst væri unnið að fréttaflutningi frá Vesturbyggð, þ.e. að heimasíða sveitarfélagsins eða annar miðill væri notaður til að vekja athygli á því sem er um að vera. Slíkar síður er oft upplýsingaveita fyrir stærri fréttamiðla, sem veita því athygli og gera að umfjöllunarefni. Vissulega er fréttasíðan bb.is fyrir Vestfirði og í rýnihópunum kom upp sú umræða að heimafólk þyrfti að vera duglegt sjálft að miðla efni til þeirra, því væri alltaf vel tekið að fá eitthvað til að birta.

Vinnustofa starfsfólks Vesturbyggðar 2. mars

Verkefnisstjóri rannsóknarinnar fékk að vera með smá innlegg á sameiginlegum vinnudegi alls starfsfólks Vesturbyggðar þann 2. mars 2026. Fyrst var smá fyrirlestur, *Glöggt er gests augað* og í kjölfarið vinnuhópar og umræður. Fyrir vinnuhópana voru lagðir umræðupunktar sem koma beint uppúr niðurstöðuskýrslu RBS, *Byggðabragur – verkfærakista fyrir sveitarfélög* þar sem búið var að vinna með könnun og rýnihópa í Húnabyggð, Dalabyggð og Húnaþingi vestra. Þar mátti finna fjölmörg atriði sem fólk taldi almennt þurfa að vinna með, laga eða gera hærra undir höfði. Því voru þessir umræðupunktar ekki úr lausu lofti gripnir, heldur byggðir á sambærilegri vinnu í öðrum sveitarfélögum.

Nokkuð fjörugar umræður voru í vinnuhópunum þó tíminn hafi verið knappur, nokkrar spurningar lágu fyrir á hverju borði, sumir svöruðu öllum stuttlega, aðrir ræddu eina ítarlegar. Alls kyns hugmyndir voru síðan ræddar þegar farið var yfir heildina, allt frá fleiri sumarnámskeiðum fyrir börn, félagsmiðstöðvartíma fyrir ungmenni 16-20 ára sem og að sveitarstjórnarfólk þurfi að vera duglegra að mæta á viðburði. Nokkur atriði eru hér listuð upp af þessum annars gagnlegu umræðum. Lengri tími hefði gefið fleiri og ítarlegri svör, en þetta er allavega byrjun og gagnlegir umræðupunktar. Umræðupunktarnir eru birtir eins og þeir komu fram á skrifuðum vinnublöðum hópanna.

Hvernig viljið þið að sveitarfélagið sé kynnt útávið? Hvar á áherslan að liggja?

- Tala um hvað þetta er fjölskylduvænt samfélag og hvað það er gott að ala upp börn í þorpinu, mikið öryggi. Passa tungumálaaðgengi, á hvaða tungumálum upplýsingar eru veittar
- Meiri mannlífsmyndir útávið, segja frá því jákvæða og vera dugleg að deila
- Nóg af atvinnutækifærum, gott framboð á húsum
- Samheldni í samfélaginu
- Náttúran og gott mannlíf
- Markaðssetning á samfélagsmiðlum
- Leggja áherslu á kosti þess að búa í litlum sveitarfélögum
- Fleiri jákvæðar fréttir, einn vettvang fyrir almennar upplýsingar, jákvæðar fréttir af mannlífi og samfélaginu
- Fjölga jákvæðum fréttum og krúttfréttum
- Sýna meira mannlíf
- Minna staðlaðar myndir
- Að hér sé gott fólk
- Sýna allt sem er í boði
- Sýna jákvæðni, samheldnina og atvinnutækifærin
- Hönnunarstaðlar sveitarfélagsins setja hömlur á jákvæðar fréttir og mætti takmarka
- Setja upp opna samfélagssíðu
- Hafa í starfslýsingu hjá hverri starfsgrein að birta hvað sá vinnustaður er að gera
- Sýnileg bæjarstjórn útávið
- Heimastjórnir gætu séð um sýnileikann myndrænt en vantar sameiginlega vettvanginn

Sveitarfélög þurfa endurgjöf frá íbúum og að hafa samband við þarfir og óskir íbúa – hvernig?

- Fulltrúar sveitarfélagsins komi á fundi hjá félagasamtökum til að heyra frá íbúum
- Íbúafundir skila sér ekki alltaf – þarf kannski annan vettvang
- Hnappurinn góður [ábendingarhnappur á heimasíðu sveitarfélagins]
- Betra upplýsingaflæði, skipulagðari upplýsingagjöf
- Ábendingahnappurinn kemur sterkt inn
- Stjórnendur þurfa að vera meira áberandi, ekki bara við kosningar
- Stuttar spurningakannanir

Jákvæðar fréttir skapa stemmningu – hvernig má vinna í að koma þeim á framfæri á landsvísu?

- Sjálf erum við mikið að pósta um kyrrð og náttúrufegurð, kannski ekki nóg um samfélagið sjálft, og eitthvað eins og Verbúðina, þorrablót, Lions, kvenfélögin
- Einstaklingsframtak – að gera góðan miðil, birta fréttir og myndir, fá góðan penna
- Hvetja félagasamtökin á staðnum til að láta vita hvað þau eru að gera
- Sýna frá öflugu íþróttastarfi – það er ekki sýnilegt utanaðkomandi og þetta horfa barnafjölskyldur á
- Búa til fréttamiðil sem segir fréttir héðan á jákvæðan hátt

- Peppa sjálf og vera jákvæð

Útlit bæjarins skiptir máli, hvað má laga þar?

- Hvernig tekur bærinn á móti þér? Skemmtileg innkoma á Tálknafirði en minna skemmtileg á Patró, margir lausir endar og þarf heildarmynd
- Einstaklingsframtak í gróðursetningu
- Hafnarsvæðin hafa aðdráttarafl – allir taka bryggjurúnt, hvað sést þar?
- Mála félagsheimilið
- Hafa almennt snyrtilegt í kring
- Annan hoppubelg

Allir íbúar þurfa að geta tilheyrt og verið hluti af heild – hvernig má láta fólk finna að framlag þeirra sé metið að verðleikum?

- Bæta íslenskukennslu og vera duglegri að bjóða erlenda íbúa velkomna í félagsstarf
- Við þurfum sjálf að vera dugleg að segja frá því hvað við erum að gera
- Að íbúar mæti á það sem er í boði
- Hafa orð á því sem vel er gert

Fagna litlu sigrunum hjá íbúum og samfélaginu – hvernig má gera það?

- Pósta inn á miðla
- Jákvæð umfjöllun
- Birta fréttir en hver á að gera það og hvar?
- Íþróttalífið – björgunarsveitirnar
- Fólk þarf sjálft að vera duglegra að senda inn

Það þarf að laða að barnafólk og hvetja til að flytja hingað – hvernig má vinna að því?

- Skipta um stefnu á leikskólanum
- Lækka leikskólagjöld
- Vinna í eineltismálum
- Taka grunnskólann í gegn
- Heillandi skólasamfélag
- Bættar samgöngur
- Þarf að vera meira húsnæði og lágvöruverðsverslun

Er hægt að snúa við neikvæðri þróun meðvitað í samfélaginu? Getur samfélagið unnið að því saman?

- Gera öllum grein fyrir því að það sé neikvæð þróun. Finna jákvæðu punktana, líka í orðræðunni, skapa grundvöll.
- Taka markvissar ákvarðanir og breyta því.
- Hafa upplýsingabækling fyrir nýja íbúa – hvað er í boði, opnunartímar, ná fleirum með þannig
- Vera duglegri að hvetja hvert annað
- Kvarta á „réttum“ stöðum

Það þarf að fagna mistökunum, viðurkenna þau og læra af þeim, hvernig?

- Tækifæri á að gera betur
- Skipuleggja, framkvæma og rýna, aðlaga
- Hafa opnar umræður og virða skoðanir annarra

Hvernig sköpum við stolt af samfélaginu? Hvað þarf til að þið verðið stolt?

- Íbúar þurfa að tala jákvætt um Vesturbyggð útávið, það byrjar hjá okkur sjálfum.
- Fólk þarf að finna að það tilheyri Vesturbyggð til að vera stolt
- Taka þátt í samfélaginu og standa saman sem lítið samfélag

Að lokum

Það má öllum vera ljóst að gríðarleg tækifæri liggja í sveitarfélaginu Vesturbyggð. Áskoranir eru vissulega margar og miserfiðar en vonandi gagnast sú vinna sem hér hefur farið fram til að takast á við þær. Sjálfsskoðun er alltaf gagnleg sem og að hlusta á raddir íbúanna. Í niðurstöðum rannsóknar má finna fjölmargt jákvætt en einnig margt sem þarf að huga að. Það er mikilvægt að öllum íbúum finnist sem rými sé til staðar í samfélaginu, og frelsi til að lifa sínu lífi. Þá skiptir líka máli í orðræðunni að öll séu velkomin og vel sé tekið á móti fólki, ekki bara brottfluttum heimamönnum sem koma til baka. Skiljanlega er fengur í að fá fjölskyldufólk en öllum þarf að finnast sem búsetuvali þeirra sé fagnað.

Það mætti ráðast í að skipuleggja upplýsingaflæði og fréttaflutninga af svæðinu. Það kom upp bæði í rýnihópum sem og á vinnudegi starfsfólks umræða um að heimafólk ætti sjálft að byrja innan frá, að miðla öllu því jákvæða sem gerist í samfélaginu. Það gæti líka hjálpað til við almenna vellíðan í samfélaginu, því smærri viðburðir og jákvæðar fréttir efla samkennd og samfélagsanda. Þá liggja gríðarleg tækifæri í bættum samgöngum um alla Vestfirði, en þó sérstaklega vegurinn um Suðurfirðina. Þannig mætti fara í skemmtilega kynningarherferð fyrir svæðið, engin afsökun lengur að smella í ferðalagið um Vestfirðina.

Valdefling ungs fólks er afar mikilvæg, þau eru vonandi framtíðar íbúar. Félagslíf, íþróttir og fjölbreytt afþreying eru mikilvæg, en ekki síður að þau finni að rödd þeirra skipti máli og fái rými í samfélaginu. Rannsóknir hafa sýnt að ánægð ungmenni eru líklegri til að verða snúbúar (e. return migrants) að menntun lokinni þegar hugurinn fer að sækja í hreiðurgerð og fjölskyldulíf. Þarna skiptir því gríðarlega miklu máli að hlúa vel að ungviðinu.

Það er afar jákvætt að íbúarnir upplifa sveitarfélagið sem eitt atvinnusvæði, það styrkir byggðakjarnana. Vonandi verða heimastjórnir nýttar til að efla sambandið á milli íbúa og stjórnsýslunnar. Sé rétt að því staðið, gæti það afmáð að einhverju leyti þá tilfinningu íbúa utan Patreksfjarðar, að þeirra byggðakjarnar hafi ekki eins mikið vægi í sveitarfélaginu. Fjölkjarna sveitarfélög geta þar lært hvert af öðru enda ekki óþekkt fyrirkomulag á Íslandi.

Heimildir

Bandura, A. (1997). Self-efficacy: The exercise of control (bindi ix). W H Freeman/Times Books/Henry Holt & Co.

Bjarki Þór Grönfeldt og Vífill Karlsson. (2024a). *Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum.* Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum. https://www.bifrost.is/media/1/byggdarbragur-rannsokn-rbs-082024.pdf

Bjarki Þór Grönfeldt og Vífill Karlsson. (2024b). *Byggðabragur: Verkfærakista ætluð sveitarfélögum.* Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum. https://www.bifrost.is/media/1/byggdarbragur-handbok-rbs-082024.pdf

Byggðastofnun. (2024). *Íbúakönnun landshlutanna*. https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/ibuakonnun

Cameron, J. E. (2004). A three-factor model of social identity. Self and *Identity, 3(*3), 239–262. https://doi.org/10.1080/13576500444000047

Cichocka, A., Sengupta, N. K., Cislak, A., Gronfeldt, B., Azevedo, F. og Boggio, P. S. (2023). Globalization is associated with lower levels of national narcissism. *Social Psychological and Personality Science*, *14*(4), 437–447. https://doi.org/10.1177/19485506221103326

Council of Europe. (2008). Towards an active, fair and socially cohesive Europe. Report of high level task f orce on social cohesion. https://www.coe.int/t/dg3/socialpolicies/source/TFSC(2007)31E.doc

Figueroa, M. E., Kincaid, D. L., Rani, M. og Lewis, G. (2002). *Communication for social change: An integrated model for measuring the process and its outcomes* (Communication for Social Change Working Paper Series, nr. 1). Rockefeller Foundation. https://commbox.org/document/communication-for-social-change-an-integrated-model-for-measuring-the-process-and-its-outcomes

Golec de Zavala, A., Cichocka, A., Eidelson, R. og Jayawickreme, N. (2009). Collective narcissism and its social consequences. Journal of Personality and Social Psychology, 97(6), 1074–1096. https://doi.org/10.1037/a0016904

Leach, C. W., van Zomeren, M., Zebel, S., Vliek, M. L. W., Pennekamp, S. F., Doosje, B., Ouwerkerk, J. W. og Spears, R. (2008). Group-level self-definition and self-investment: A hierarchical (multicomponent) model of in-group identification. Journal of Personality and Social Psychology, 95(1), 144–165. https://doi.org/10.1037/0022-3514.95.1.144

McMillan, D. W. og Chavis, D. M. (1986). Sense of community: A definition and theory. Journal of Community Psychology, 14(1), 6–23. https://doi.org/10.1002/1520-6629(198601)14:1<6::AID-JCOP2290140103>3.0.CO;2-I

Peterson, N. A., Speer, P. W. og McMillan, D. W. (2008). Validation of a brief sense of community scale: Confirmation of the principal theory of sense of community. Journal of Community Psychology, 36(1), 61–73. https://doi.org/10.1002/jcop.20217

Tajfel, H. (ritstj.). (1978). Differentiation between social groups: Studies in the social psychology of intergroup relations. Academic Press.

Tajfel, H. og Turner, J. C. (1979). An integrative theory of intergroup conflict. Í W. G. Austin og S. Worchel (ritstj.), The Social Psychology of Intergroup Relations (bls. 33–47). Brooks/Cole.

Sampson, R. J., Raudenbush, S. W. og Earls, F. (1997). Neighborhoods and violent crime: A multilevel study of collective efficacy. Science, 277(5328), 918–924. https://doi.org/10.1126/science.277.5328.918

Vífill Karlsson. (2023). *Margur er knár þó hann sé smár. Hvað útskýrir óvenju ólíka útkomu úr íbúakönnun nokkuð sambærilegra fámennra landsvæða eins og Dala- og V-Húnavatnssýslu?* Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdarannsoknir/margur-er-knar-lokeintak.pdf

Vífill Karlsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir. (2024). Íbúakönnun landshlutanna 2023: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða. *Deigla, 1*(1), 1-159. Retrieved from ssv.is website: https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/06/Ibuakonnun-landshlutanna-2023-nidurstodur.pdf

Viðauki 1: Spurningakönnun

Tafla 3: Lýsandi tölfræði fyrir stöðu málaflokka					
Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í Vesturbyggð?	*M*	95% lægri mörk	95% efri mörk	*sf*	*n*
Telur þú almennt gott eða slæmt að búa í Vesturbyggð?	5,36	5,17	5,54	1,23	166
Gæði grunnskóla	4,45	4,19	4,70	1,64	164
Gæði leikskóla	4,38	4,12	4,64	1,67	164
Tækifæri til afþreyingar og menningar	4,06	3,84	4,28	1,47	167
Vegakerfi	2,09	1,88	2,30	1,37	167
Þjónusta við eldra fólk	3,89	3,65	4,13	1,56	161
Tækifæri til íþrótta- og tómstundaiðkunar	4,60	4,34	4,85	1,65	168
Farsímasamband	3,73	3,46	4,00	1,76	167
Skipulagsmál	3,91	3,68	4,14	1,51	167
Umhverfismál almennt	4,19	3,98	4,41	1,41	166
Fjölbreytta atvinnu í boði	3,59	3,37	3,82	1,49	167
Möguleikar til eigin atvinnurekstrar eða nýsköpunar	4,13	3,90	4,35	1,47	166
Gildi eru á bilinu 1=mjög slæmt til 7= mjög gott. *M* = meðaltal, *sf* = staðalfrávik, *n* = fjöldi svarenda.					

Tafla 4: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar félagssálfræðilegar breytur					
	M	95% lægri mörk	95% efri mörk	*sf*	*n*
Félagsleg samsömun [Vesturbyggð]	4,37	4,21	4,52	0,95	152
Sameiginlegur narsissismi [Vesturbyggð]	4,44	4,20	4,68	1,36	125
Sameiginleg sjálfstiltrú sveitarfélags	4,01	3,83	4,19	1,09	148
Sameiginleg sjálfstiltrú nærsamfélags	4,20	4,01	4,39	1,20	151
Félagsleg samheldni sveitarfélags	4,91	4,68	5,15	1,36	129
Félagsleg samheldni nærsamfélags	5,11	4,85	5,38	1,52	132
Uppfylling þarfa	3,51	3,23	3,79	1,62	133
Samfélagsaðild	4,99	4,72	5,26	1,58	133
Áhrif á samfélagið	4,65	4,40	4,91	1,46	133
Tilfinningaleg tenging	5,09	4,81	5,32	1,48	133
Hamingja*	7,34	6,99	7,68	1,95	125
Sjálfstraust	5,34	5,06	5,62	1,59	125
Gildi eru á bilinu 1-7 nema fyrir *hamingju sem þau er á bilinu 0-10. *M* = meðaltal, *sf* = staðalfrávik, *n* = fjöldi svarenda.					

Tafla 5: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar fullyrðingar um nærsamfélag/þorp					
Gefðu til kynna hversu vel eða illa eftirfarandi fullyrðingar eiga við í þínu samfélagi/þorpi.	*M*	95% lægri mörk	95% efri mörk	*sf*	*n*
Dreifbýlið og þéttbýlið eiga erfitt með að ná saman	4,44	4,17	4,72	1,59	131
Slúður og neikvætt umtal er vandamál	4,72	4,43	5,01	1,69	132
Ég treysti fólki í leiðtogahlutverki í samfélaginu	4,74	4,44	5,04	1,74	131
Það er frændhygli/klíkuskapur í samfélaginu	5,09	4,81	5,38	1,66	132
Okkar byggðakjarni/samfélag hefur áhrif jafnt á við aðra byggðakjarna í sveitarfélaginu	4,52	4,22	4,82	1,70	129
Gildi eru á bilinu 1 = á mjög illa við til 7 = á mjög vel við. *M* = meðaltal, *sf* = staðalfrávik, *n* = fjöldi svarenda.					

Tafla 6: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar fullyrðingar um Vesturbyggð í heild					
Gefðu til kynna hversu vel eða illa eftirfarandi fullyrðingar eiga við um Vesturbyggð í heild.	*M*	95% lægri mörk	95% efri mörk	*sf*	*n*
Hrepparígur er vandamál á svæðinu	4,26	3,96	4,56	1,75	130
Dreifbýlið og þéttbýlið eiga erfitt með að ná saman	4,35	4,07	4,64	1,62	130
Vesturbyggð hefur verið skilin eftir af ríkisvaldinu	5,40	5,14	5,66	1,52	130
Slúður og neikvætt umtal er vandamál í Vesturbyggð	4,70	4,41	5,00	1,70	131
Ég treysti fólki í leiðtogahlutverki í samfélaginu	4,56	4,24	4,87	1,80	126
Það er frændhygli/klíkuskapur í samfélaginu	5,02	4,72	5,31	1,67	127
Gildi eru á bilinu 1 = á mjög illa við til 7 = á mjög vel við. *M* = meðaltal, *sf* = staðalfrávik, *n* = fjöldi svarenda.					

Tafla 7: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar spurningar um áhuga og stolt þátttakenda yfir Vesturbyggð í heild					
Gefðu til kynna hversu vel eða illa eftirfarandi staðhæfingar eiga við um Vesturbyggð.	*M*	95% lægri mörk	95% efri mörk	*sf*	*n*
Ég hef áhuga á sögu Vesturbyggðar	5,08	4,78	5,37	1,68	129
Ég upplifi að ég hafi tækifæri til að ná árangri í leik og starfi í Vesturbyggð	4,81	4,52	5,11	1,7	129
Ég er stolt(ur) af samfélaginu í Vesturbyggð	4,95	4,69	5,22	1,54	129
Ég er stolt(ur) af menningararfleifð Vesturbyggðar	4,96	4,69	5,23	1,56	129
Ég er stolt(ur) af náttúru og landslagi Vesturbyggðar	6,08	5,85	6,31	1,32	130
Ég er stolt(ur) af afreksfólki úr Vesturbyggð á sviði íþrótta, lista og menningar	5,57	5,31	5,82	1,47	130
Ég finn fyrir stolti þegar öðrum íbúum Vesturbyggðar gengur vel og láta á sér bera	5,71	5,45	5,97	1,49	129
Ég finn fyrir stolti þegar ég sé jákvæðar fréttir af viðburðum eða uppbyggingu í Vesturbyggð	6,04	5,82	6,26	1,27	129
Gildi eru á bilinu 1 = á mjög illa við til 7 = á mjög vel við. *M* = meðaltal, *sf* = staðalfrávik, *n* = fjöldi svarenda.					

Tafla 8: Lýsandi tölfræði fyrir ýmsar spurningar um viðhorf til nýs fólks					
Gefðu til kynna hversu vel eða illa eftirfarandi staðhæfingar eiga við um Vesturbyggð.	*M*	95% lægri mörk	95% efri mörk	*sf*	*n*
Vesturbyggð ætti að taka innflytjendum opnum örmum.	4,94	4,60	5,29	1,94	125
Vesturbyggð ætti að taka nýjum íbúum sem flytja frá öðrum sveitarfélögum opnum örmum.	5,97	5,72	6,22	1,41	125
Vesturbyggð ætti að laða að sér svokallaða fríbúa/hjábúa sem vilja eiga húsnæði á svæðinu en búa að mestu annars staðar.	2,70	2,38	3,03	1,81	125
Vesturbyggð ætti að vera opið fyrir nýjum fyrirtækjum sem vilja flytja starfsemi í sveitarfélagið.	6,53	6,39	6,67	0,80	126
Innflytjendum er vel tekið í Vesturbyggð	4,80	4,54	5,06	1,46	126
Gildi eru á bilinu 1 = á mjög illa við til 7 = á mjög vel við. *M* = meðaltal, *sf* = staðalfrávik, *n* = fjöldi svarenda.					

Tafla 9: Lýsandi tölfræði spurningar um sameiningar					
Gefðu til kynna hversu vel eða illa eftirfarandi staðhæfingar eiga við um Vesturbyggð.	*M*	95% lægri mörk	95% efri mörk	*sf*	*n*
Vesturbyggð ætti að óska eftir sameiningu við önnur sveitarfélög	2,94	2,57	3,32	2,13	125
Hversu vel eða illa fannst þér sameining sveitarfélagsins Vesturbyggðar hafa tekist árið 2024?	5,02	4,76	5,27	1,45	124
Gildi eru á bilinu 1 = á mjög illa við til 7 = á mjög vel við. *M* = meðaltal, *sf* = staðalfrávik, *n* = fjöldi svarenda.					



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY